



Skuldbinding nemenda til náms

Stuðningur foreldra, kennara og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla

Svandís Sturludóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í Náms- og starfsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Skuldbinding nemenda til náms
Stuðningur foreldra, kennara og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla

Svandís Sturludóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í Náms- og starfsráðgjöf

Leiðbeinandi: Kristjana Stella Blöndal

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í Náms- og starfsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Svandís Sturludóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Í rannsókninni er sjónum beint að skuldbindingu ungmenna gagnvart námi og tengslum við stuðning foreldra og skóla. Skuldbinding er metin með tilliti til skólahegðunar og tilfinninga í garð náms og skóla. Þátttakendur eru 1842 16 og 17 ára nemendur úr öllum framhaldsskólum landsins og fór könnunin fram árið 2007. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að stuðningur foreldra og skóla spái fyrir um hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Því meiri sem hvatning og þátttaka foreldra er í námi barna sinna, því meiri sem stuðningur er frá kennurum, og því minna sem nemendur þurfa á stuðningi skóla að halda, því jákvæðari eru þeir í garð skólans, því jákvæðari er námshegðun þeirra og því minni neikvæða skólahegðun sýna þeir. Niðurstöðurnar koma fram hvort sem um stelpur eða stráka er að ræða og að teknu tilliti til menntunar foreldra. Jafnframt benda niðurstöður til að stelpur sýni að jafnaði jákvæðari námshegðun og hafi jákvæðari tilfinningar í garð námsins en strákar. Strákar virðast aftur á móti sýna neikvæðari skólahegðun en stelpur. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja fyrri rannsóknir á þessu sviði. Vonast er til að niðurstöðurnar nýtist foreldrum, kennurum og náms- og starfsráðgjöfum framhaldsskólanema til að styðja þá námslega og hjálpa þeim að auka skuldbindingu sína til náms.

Abstract

The focus of this study is on student school engagement in relation to support from parents and school. School engagement was evaluated with respect to school behaviour and feelings to their academics and school. The participants were 1842 students, age sixteen and seventeen from upper secondary schools in Iceland. The study was conducted in 2007. The results of the study indicate that the support of parents and school predicts behavioural and emotional engagement of students. The more the parents encourage their children and participate in their education, the more support the students receive from their teachers and the less need students have for school support, the more positive feelings they have to their academics and school and the less negative their school behaviour is. These results apply for both females and males and controlling for their parents education. Furthermore the results indicate that females are more positive to their academics and school than males while the males show more negative school behaviour than females. The hope is that these results will aid parents and teachers, as well as career counselors in supporting upper secondary students in their education and increase students' engagement to their studies, thereby increasing their educational performance.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Abstract.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Formáli.....	6
Yfirlit yfir töflur.....	8
1. Inngangur.....	9
1.1. Skuldbinding nemenda (school engagement).....	11
1.2. Stuðningur foreldra.....	15
1.3. Stuðningur kennara.....	21
1.4. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa.....	23
2. Aðferð.....	29
2.1. Þátttakendur.....	29
2.2. Mælitæki.....	29
2.3. Framkvæmd.....	32
2.4. Úrvinnsla.....	32
3. Niðurstöður.....	34
4. Umræður.....	40
5 Lokaorð.....	48
Heimildaskrá.....	50
Viðaukar.....	61

Formáli

Rannsókn þessi er 30 ECTA eininga lokaverkefni til meistaraþrófs í náms- og starfsráðgjöf við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Hún var unnin á vormisseri 2012. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvort þátttaka og hvatning foreldra í námi barna sinna, stuðningur kennara og þörf nemenda fyrir aukinn stuðning og ráðgjöf skóla spáir fyrir um hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu 16 og 17 ára framhaldsskólanema.

Áhugi minn á stuðningi í námi og mikilvægi hvatningar á sér langa sögu og tengist bæði persónulegri reynslu og fræðilegum áhuga á efninu. Mikil áhersla er á menntun í fjölskyldu minni og lögðu foreldrar mínir áherslu á að ég menntaði mig og veittu mér stuðning og hvatningu til náms. Á heimilinu var mikill áhugi á námi almennt og áhersla lögð á gildi þess að mennta sig á því sviði sem hugurinn stóð til. Ég gerði mér vel grein fyrir því þegar ég gat leitað aðstoðar foreldra minna að það voru ekki allir jafn lánsamir og ég og mér varð oft hugsað til þeirra sem ekki fengu stuðning og hvatningu frá foreldrum sínum við námið. Forsenda þess að mér gekk vel í skóla var að ég bjó við stuðning og hvatningu frá foreldrum mínum og þau sýndu námi mínu áhuga. Stuðningur kennara skiptir miklu máli og ég fékk að reyna það sjálf í framhaldsskóla hvað það skiptir miklu máli að kennarinn hafi trú á nemanda sínum og áhuga á því að honum gangi vel. Sjálf á ég fimm börn sem ég hef stutt áfram og hvatt til náms. Ég veit það bæði sem dóttir og móðir að þátttaka foreldra í námi barna sinna, stuðningur kennara og stuðningur og ráðgjöf af hendi skólans getur skipt sköpum í námi og aukið skuldbindingu nemenda. Þegar nemendur hefja nám í framhaldsskóla fara þroskandi og krefjandi tímar í hönd og því skiptir miklu máli að nemendur upplifi stuðning og hvatningu frá fjölskyldu sinni og kennurum.

Brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum er mikið, sérstaklega fyrstu tvö árin. Ástæður þess geta verið margvíslegar og oft er það samspil margra þátta sem verður til þess að unglingur hverfur frá námi. Miklu máli skiptir að unglingurinn sé í góðum tengslum við fjölskyldu sína og hann skuldbindi sig náminu. Samvinna heimilis og skóla er mikilvæg, ekki bara í grunnskóla heldur líka eftir að nemandinn er kominn í framhaldsskóla. Þar gegna náms- og starfsráðgjafar þýðingarmiklu hlutverki og geta stutt við bakið á foreldrum og kennurum á

margvíslegan hátt, til dæmis með fræðslu um námstækni, leiðbeiningum um hvernig styðja megi unglunga í námi og leita lausna ef einhver vandamál koma upp. Náms- og starfsráðgjafar geta einnig veitt foreldrum framhaldsskólanema gagnlegar upplýsingar um nám og störf eftir að framhaldsskóla lýkur. Námsframboð er mikið og erfitt getur verið fyrir nemendur og foreldra að finna út hvað hentar.

Leiðbeinandi minn við rannsóknina var Kristjana Stella Blöndal, lektor við Háskóla Íslands. Henni vil ég þakka sérstaklega fyrir tryggja og uppbyggjandi leiðsögn, ómetanlegan stuðning, hvatningu og gott samstarf. Foreldrum mínum, Sturlu Snæbjörnssyni og Sólveigu Jónasdóttur þakka ég stuðninginn og hvatninguna í gegnum árin. Með fordæmi sínu kenndu þau mér mikilvægi þess að styðja og hvetja börnin mín. Fjölskylda mín og vinir fá líka þakkir fyrir yfirlestur, stuðning og hvatningu.

Að lokum vil ég þakka eiginmanni mínum, Hannesi Frímanni fyrir ómælda hvatningu og stuðning, endalausa þolinmæði og að hafa trú á mér. Börnum mínum, Thelmu Sjöfn, Evu, Sigurði Ástvaldi, Helenu Rakel og Sólveigu Svölu þakka ég aðdáunarverða þolinmæði sem ég met mikils. Þeim vil ég tileinka þessa ritgerð, og láta þau vita að ég mun ávallt vera til staðar fyrir þau, styðja þau og hvetja í gegnum lífið.

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Meðaltöl og staðalfrávik rannsóknarbreyta eftir kyni.....	34
Tafla 2. Meðaltöl og staðalfrávik fylgibreyta eftir menntun foreldra.....	35
Tafla 3. Fylgni rannsóknarbreyta.....	36
Tafla 4. Aðhvarfsgreining fyrir jákvæða námshegðun, neikvæða skólahegðun og jákvæðar tilfinningar í garð skóla.....	38

1. Inngangur

Unglingar á Íslandi hefja langflestir nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla og hefur nemendum fjölgað ár frá ári. Brotthvarf er hins vegar mikið hér á landi, mest fyrstu tvö árin. Árið 2000 höfðu um 30% nemenda á aldrinum 20-24 ára ekki lokið framhaldsskóla á Íslandi en hlutfallið var að meðaltali 18% meðal OECD landanna (Hagstofa Íslands, 2007; OECD, 2005). Ástæður þessa mikla brotthvarfs eru margvíslegar og ýmsir samverkandi þættir koma við sögu, sem oftast eiga langan aðdraganda (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Í framhaldsskólunum er áhersla lögð á að ungmenni okkar nái árangri í námi og líði vel, að þau taki þátt í skólastarfinu og hafi markmið til framtíðar. Til að ná árangri þurfa nemendur að sinna náminu og vera skuldbundnir því sem þeir eru að gera. Ein leið til að bæta námsgengi nemenda og minnka brotthvarf úr skólum felst í hugtakinu *skuldbinding nemenda (e. school engagement)* (sjá Fredricks, Blumenfeld og Paris, 2004). Rannsóknir benda til að með því að ýta undir skuldbindingu nemenda til náms megi ýta undir gott námsgengi (Newmann, Wehlage og Lamborn, 1992).

Mikilvægt er að unglíngar í framhaldsskóla fái hvatningu og námslegan stuðning frá foreldrum sínum. Íslenskar rannsóknir benda til að stuðningur og hvatning foreldra dragi úr líkum á brotthvarfi og auki skuldbindingu nemenda. Nemendur sem telja sig fá námslegan stuðning frá foreldrum sínum virðast líklegri til að ljúka námi (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009). Samkvæmt Caskey (2008) virðist bæði stuðningur og þátttaka foreldra í námi barna sinna auka skuldbindingu nemenda til náms og hafa jákvæð tengsl við námsgengi nemenda. Foreldrar sem taka mikinn þátt í námi barna sinna og hvetja þau til að skuldbinda sig náminu styðja við betri námsárangur barna sinna. Með hækkuðum sjálfræðisaldri (Lögræðislög nr. 71/1997) ber foreldrum bæði skylda og réttur til að tryggja persónulega hagi barna sinna til 18 ára aldurs. Fyrstu tvö árin í framhaldsskóla eru unglíngar því ekki sjálfráða og hafa foreldrar í auknum mæli haft samband við starfsfólk skólanna til þess að ræða stöðu barna sinna (Elín Thorarensen, 2004).

Stuðningur kennara virðist einnig hafa tengsl við skuldbindingu nemenda (sjá Fredricks o.fl., 2004). Skuldbinding nemenda strax á fyrstu stigum skólagöngu virðist ýta undir samvinnu nemenda og kennara. Rannsóknir sýna að kennarar virðast frekar aðstoða þá nemendur sem standa sig betur námslega, eru ábyrgir og fara að reglum skólans en þá sem sýna truflandi hegðun í kennslustundum (sjá Fredricks o.fl., 2004).

Hugtakið skuldbinding er margþætt og því hefur verið skipt í þrjá flokka. Hegðunarleg skuldbinding (*e. behavioral engagement*) snýr að ástundun nemandans í námi, hvernig hann fylgir reglum skólans, samskiptahæfni hans og tómstundum. Tilfinningaleg skuldbinding (*e. emotional engagement*) hefur með jákvæð og neikvæð viðbrögð að gera gagnvart kennurum og öðru starfsfólki skólans, samnemendum og námi nemenda. Vitsmunaleg skuldbinding (*e. cognitive engagement*) felur í sér fjárfestingu í námi, viljann til að gera það sem þarf til að leysa flókin verkefni og ná árangri.

Til að koma í veg fyrir brotthvarf skiptir máli að nemendur séu skuldbundnir náminu, ekki síður en að þeir nái árangri námslega (sjá Fredricks o.fl., 2004). Nemendur sem skortir skuldbindingu taka ekki þátt í skólastarfinu (*e. disengagement*), trufla vinnu í bekknum, skrópa í tímum eða vinna ekki verkefni sín. Þeir hafa neikvætt viðhorf í garð náms, skóla, samnemenda og starfsfólks. Fræðingar hafa bent á að nemendur bera almennt minni virðingu fyrir yfirvaldi og stofnunum en áður og því er ekki hægt að treysta því sjálfkrafa að nemendur virði og fari eftir reglum eða standi undir þeim námskröfum sem settar eru. Atvinnulífið þarf á fólki að halda sem býr yfir þekkingu, getur lagt mat á nýjar upplýsingar, hefur rökhugsun og getur leyst vandamál. Í því ljósi er mikilvægt að auka skuldbindingu nemenda til náms (sjá Fredricks o.fl., 2004).

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða tengsl skuldbindingar nemenda í framhaldsskóla við annars vegar stuðning foreldra og kennara og hins vegar þörf nemendanna fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla. Í rannsóknum hefur sjónum verið beint að tengslum skuldbindingar nemenda við stuðning foreldra (Caskey, 2008; Gonzales-Dehass, Willems og Holbein, 2005) og stuðning kennara (Klem og Connell, 2004; Brewster og Bowen, 2004). Aftur á móti virðist skorta rannsóknir sem beina sjónum bæði að stuðningi foreldra og kennara (Murray, 2009) en það er mikilvægt skref í rannsóknum á þessu sviði þar sem samvinna foreldra og kennara virðist stuðla að aukinni skuldbindingu nemenda og þar með

betra námsgengi þeirra. Í þessari rannsókn er kannað bæði hvernig stuðningur foreldra og kennara ásamt þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla tengist skuldbindingu nemenda. Foreldrar og kennarar ættu að geta nýtt sér niðurstöður rannsóknarinnar með það að markmiði að styðja betur námslega við nemendur og hjálpa þeim að auka skuldbindingu sína til náms. Jafnframt er vonast til að niðurstöðurnar nýtist náms- og starfsráðgjöfum, þar sem samstarf við foreldra og kennara er mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Náms- og starfsráðgjafar geta einnig aðstoðað nemendur við að auka skuldbindingu þeirra í námi.

1.1. Skuldbinding nemenda (*e. school engagement*)

Rök eru færð fyrir því að þeir skólar sem leggja áherslu á skuldbindingu nemenda sinna gagnvart námi hjálpi nemendum að taka þátt í skólastarfinu og að temja sér þá hugsun að nám sé ferli sem vari allt lífið. Talið er að nemendur þurfi að ná að skuldbinda sig námi sínu, að einhverju marki, til að ná árangri (Furlong o.fl., 2003). Í samantekt rannsókna á því hvernig hugtakið skuldbinding hefur verið notað kemur fram að það er margþætt hugtak (Glanville og Wildhagen, 2007). Því hefur verið skipt í þrjá þætti, þ.e. hegðunarlega, tilfinningalega og vitsmunalega skuldbindingu (sjá Fredricks o.fl., 2004).

Hegðunarleg skuldbinding (e. behavioral engagement). Hegðunarleg skuldbinding er oftast skilgreind á þrjá vegu. Í fyrsta lagi felur hún í sér jákvæða þætti eins og að fylgja reglum skólans, halda sig við reglur bekkjarins, mæta vel í tíma og hvorki trufla né sýna óviðeigandi hegðun í skólanum. Í öðru lagi er hún skilgreind sem þátttaka í námi sem felur í sér hegðun eins og viðleitni, þrautseigju, einbeitingu, athygli, spyrja spurninga og taka þátt í umræðum í bekknum. Í þriðja lagi er hún skilgreind sem þátttaka í skólatengdum athöfnum eins og íþróttum eða stjórn skólans. Neikvæð hegðun eins og að skrópa í tímum, mæta ekki í skólann, sýna truflandi hegðun eða draga sig í hlé og taka ekki þátt í skólastarfinu er svo á hinum enda rófsins (sjá Fredricks o.fl., 2004; Furlong o.fl., 2003; Finn, 1993).

Tilfinningaleg skuldbinding (e. emotional engagement). Tilfinningaleg skuldbinding vísar til tilfinningalegra viðbragða nemanda í skólastofunni, þar með er námsáhugi hans, leiði og ánægja, (Connell & Welborn, 1991; Skinner &

Belmont, 1993) og tilfinningar í garð skólans, kennara, samnemenda og annars starfsfólks hans (sjá Fredricks o.fl., 2004). Sumir kennismiðir nota hugtakið samsömun (*e. identification*) við skólann í stað tilfinningalegrar skuldbindingar (Finn, 1989; Voelkl, 1997) sem vísar til þess að nemandanum finnst hann tilheyra skólanum (*e. belonging*) og vera metinn (sjá Fredricks o.fl., 2004; Furlong o.fl., 2003).

Vitsmunaleg skuldbinding (e. cognitive engagement) hefur verið skilgreind sem löngun til að gera meira en ætlast er til í námi og fást við ögrandi verkefni (Connell og Welborn, 1991; Newmann o.fl., 1992). Vitsmunaleg skuldbinding felur í sér að vera góður við lausn vandamála, að vilja leggja mikið á sig og að vinna vel undir álagi (sjá Fredricks o.fl., 2004; Furlong o.fl., 2003).

Niðurstöður rannsókna sýna að hegðunarleg og tilfinningaleg skuldbinding hefur jákvæð tengsl við einkunnir nemenda bæði í grunn- og framhaldsskólum (sjá Fredricks o.fl., 2004). Þeir nemendur sem eiga við hegðunarvanda að stríða fá að jafnaði lægri einkunnir á prófum og á það við um öll skólastig (Finn og Rock, 1997). Samkvæmt rannsókn Finn og Rock (1997) á framhaldsskólanemum virðist töluverður munur vera á hegðunarlegri skuldbindingu nemenda sem sýndu þrautseigju, voru enn í skóla og stóðu sig vel námslega, og þeim sem voru enn í skóla en sýndu ekki eins góðan námsárangur og svo þeirra sem höfðu hætt námi. Eftir því sem nemendur virtust standa betur að vígi námslega því meiri var hegðunarleg skuldbinding þeirra.

Hegðunarleg skuldbinding getur hjálpað nemendum að halda sig að námi og ná árangri. Rannsóknir benda til að nemendur sem hverfa frá námi hafa síður sinnt heimanámi, hafa síður lagt sig fram í skóla, síður tekið þátt í skólatengdum athöfnum og hafa oftár sýnt óviðunandi hegðun í skóla. Rannsóknir sýna einnig tengsl milli þess að hafa litla hegðunarlega skuldbindingu og þess að skrópa í tímum, mæta ekki í skólann eða vera rekin úr skóla. Þeir nemendur sem sinna einhverskonar tómstundastarfi utan skóla eru líklegri til að haldast í skóla og ná árangri (sjá Fredricks o.fl., 2004; Finn, 1989).

Í því þekkingarsamfélagi sem við búum í skiptir miklu máli að nemendur ljúki námi. Þeir nemendur sem ljúka ekki námi standa frekar frammi fyrir sálrænum og fjárhagslegum erfiðleikum en nemendur sem ljúka námi. Þeir fá að jafnaði lægri laun og eiga ekki eins mikla möguleika á vinnumarkaði og þeir sem ljúka námi. Líkur eru á að afkoma þeirra til framtíðar verði ekki eins góð og þeirra sem ljúka

námi og að þeir þurfi að takast á við atvinnuleysi einhvern tíma á ævinni (European Commission Directorate General for Education and Culture, 2005; Rumberger og Lamb, 2003). Að auki virðast meiri líkur á að þeir muni þurfa á félagslegri þjónustu að halda, eiga við veikindi að stríða og sýna andfélagslega hegðun (sjá Rumberger og Thomas, 2000).

Brotthvarf nemenda frá námi er áhyggjuefni. Ekki er til nein alþjóðleg skilgreining á brotthvarfi en Gerður G. Óskarsdóttir (1993) segir að miðað við íslenskar aðstæður sé eðlilegt að telja brotthvarfsnemendur þá sem ljúka ekki námi í grunnskóla og/eða innritast í framhaldsskóla en hætta þar án þess að útskrifast. Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002) miða við hlutfall fólks á tilteknum aldri sem ekki fór í framhaldsskóla eftir grunnskóla eða hafa ekki lokið framhaldsskólanámi við 24 ára aldur (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, 1992; Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Erfitt er að gera samanburð á milli landa á brotthvarfi nemenda, að hluta vegna þess að skráning á brotthvarfi er með mismunandi hætti í löndunum. Sem dæmi, þá eru tvö fyrstu árin í framhaldsskóla skyldunám í Svíþjóð (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000) og gæti það ef til vill varpað ljósi á lægri brotthvarfstölur þar í landi. Ástæður brotthvarfs eru þó sambærilegar í þeim löndum sem horft hefur verið til og litið svo á að ólík skólakerfi og mismunandi regluverk skipti ekki máli (Gerður G. Óskarsdóttir, 1995), þegar gerður er samanburður á brotthvarfi. En Ísland er eftir sem áður ofarlega á listum, þegar horft er á tölulegar upplýsingar um brotthvarf á milli landa OECD ríkjanna (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2010).

Í samantekt Rumberger (1987) kemur fram að skortur á hegðunarlegri skuldbindingu á yngri stigum náms hefur forspárgildi um brotthvarf frá námi. Ákvörðun nemenda um að hætta í skóla virðist tengjast tilfinningalegri skuldbindingu nemenda. Nemendur sem eru ekki eins ánægðir í skólanum og líður ekki eins vel eru líklegri til að hverfa frá námi. Fræðimenn telja að félagsleg einangrun og ósamlyndi geti leitt til brotthvarfs (Finn, 1989; Newmann, 1981). Rannsókn Archambault, Janoz, Fallu og Pagani (2009) á sambandi hegðunarlegrar skuldbindingar, tilfinningalegrar skuldbindingar og vitsmunalegrar skuldbindingar við brotthvarf úr framhaldsskóla bendir til að hegðunarleg skuldbinding spáir fyrir um brotthvarf frá námi.

Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) kom fram að rúmlega 40% árgangs 1975 hafði ekki lokið framhaldsskóla við 24 ára aldur. Af þeim brotthvarfshópi sem rannsókn Jóns Torfa og Kristjönu Stellu náði til hafði rúmlega helmingur ungmennanna lokið minna en ársnámi þegar þau hættu í skóla og um 80% hættu með minna en tveggja ára nám að baki (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Litið er á brotthvarf sem ferli sem oft gerist yfir langan tíma. Skuldbinding nemandans minnkar meira og meira og endar með því að hann verður afhuga námi (Finn, 1989). Finn (1989) útskýrir brotthvarf sem ferli með tveimur líkönum.

Frustration-self-esteem model (vonbrigði – sjálfsálit líkan). Líkanið beinir athyglinni að hegðunarlegri skuldbindingu nemanda. Nemandi nær ekki tókum á náminu, gengur illa í skóla og það veldur honum vonbrigðum. Til að passa upp á sjálfsvirðingu sína leiðist nemandinn út í óviðeigandi hegðun og hafnar skólanum. Hann jafnvel hverfur frá námi. Ferlið er vítahringur þar sem nemandinn nær ekki lágmarks viðmiðum sem leiðir af sér frekari vonbrigði og það verður til þess að sjálfsvirðing nemandans bíður skaða. Líkur á vandamátatengdri hegðun aukast. Í þessu líkani er litið á skort á hegðunarlegri skuldbindingu sem lykilþátt. Það lýsir neikvæðu ferli, þ.e. dregur úr líkum á árangri í námi (Finn, 1989; Griffin, 2002; Rumberger, 2004).

Participation-identification model (þátttaka – samsömun líkan). Líkanið felur í sér hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Líkanið gerir ráð fyrir að nemendur sem taka virkan þátt í skólastarfinu samsami sig smám saman skólanum, það er upplifa að þeir tilheyri skólanum og finnst mikilvægt að ná árangri í skólatengdum verkefnum sem aftur leiðir til þess að þeir ná góðum árangri í náminu sem ýtir enn frekar undir þátttöku þeirra og samsömun. Nemendur sem hins vegar taka ekki þátt í verkefnum, bindast ekki skólanum og eru síður líklegir til að ná árangri, sem aftur gerir það að verkum að smám saman verða þeir afhuga skólanum. (Finn, 1989; Griffin, 2002; Newmann o.fl., 1992).

Rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttir (2012) leiddi í ljós að hegðunarleg og tilfinningaleg skuldbinding nemenda á unglingsárum virðist draga úr líkum á að þeir hverfi frá námi, jafnvel meðal nemenda sem ekki standa vel námslega í lok grunnskólans. Líka kom fram að ef bornir voru saman góðir nemendur sem annars vegar kláruðu framhaldsskólann (eins og við var að búast) og hins vegar hættu (sem kom á óvart þar sem þeir stóðu sig vel námslega)

þá jókst skuldbinding hjá fyrri hópnunum frá 14-15 ára aldri á meðan hún minnkaði hjá þeim síðarnefnda. Sem sagt ef hægt er að ýta undir skuldbindingu hjá unglingum þá virðist það vera verndandi þáttur hjá nemendum sem standa illa að vígi námslega og jafnvel góðir nemendur geta verið í hættu ef skuldbinding þeirra minnkar á þessum viðkvæma aldri unglingsáranna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna (Alexander o.fl., 2001; Finn, 1989; Newmann o.fl., 1992).

Hugtakið skuldbinding á upptök sín að hluta til í félagskenningum (*e. social control theory*) en þar er áhersla lögð á tilfinningar einstaklinga, þörfina fyrir að tilheyra, þykja vænt um foreldra sína og skólann sinn. Ef tengslin milli nemenda og skóla eða foreldra veikjast virðast meiri líkur á að nemendur leiðist út í vandamátengda hegðun og hverfi frá námi. Það sama má segja um samband nemenda við skólann sinn, ef tengslin eru lítil virðast meiri líkur á skorti á skuldbindingu af hálfu nemenda (Archambault o.fl., 2008).

1.2. Stuðningur foreldra

Rannsóknir benda til að félags- og efnahagsleg staða foreldra, samskipti foreldra og barna, uppeldisaðferðir og þátttaka foreldra í námi barna ásamt hvatningu þeirra til náms, tengist námsgengi ungs fólks á Íslandi, bæði námsárangri og útskrift úr framhaldsskóla (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónasdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2005; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009).

Stuðningur foreldra og þátttaka (*e. parental involvement*) í skólagöngu barna sinna vísar til þess að foreldrar styðji börn sín í því að gera sitt besta í náminu og öðrum skólatengdum athöfnum. Foreldrar sýna stuðning með því að fylgjast með námi barna sinna og vera þátttakendur í því sem þau taka sér fyrir hendur eins og til dæmis heimanámi (Anguiano, 2004; Gonzalez, 2006).

Þar sem stuðningur foreldra við nám er margþættur er mikilvægt að skilgreina hverju sinni hvaða þáttur er verið að fjalla um. Líklegt er að fólk leggi ekki alltaf sömu merkingu í hugtakið. Misjafnt er milli rannsókna hvaða þáttur í stuðningi foreldra er verið að kanna, í einni rannsókn gæti skilgreining á stuðningi verið

aðhald og almennt eftirlit með námi á meðan önnur rannsókn skilgreindi stuðning foreldra sem væntingar foreldra til náms barna þeirra (Fan, 2001; Fan og Chen, 2001).

Þrátt fyrir að margar rannsóknir hafi verið gerðar á stuðningi foreldra við nám barna þeirra hefur ekki gengið nógu vel að skilgreina hugtakið sjálft og því er erfitt að bera saman niðurstöður rannsókna. Eins er ekki alltaf ljóst hvaðan upplýsingarnar um stuðning foreldra í rannsóknunum koma, frá nemendum sjálfum, foreldrum þeirra eða kennurum. Niðurstöður rannsókna eru því oft ekki samhljóma og jafnvel misvísandi (Fan, 2001; Fan og Chen 2001; McNeel, 1999). Flestar þeirra styðja þó þá fullyrðingu að stuðningur foreldra við námið auki námsárangur barna (Fan og Chen, 2001).

Sjálfstæði unglinga getur leitt til þess að niðurstöður rannsókna sýna lítil tengsl milli stuðnings foreldra og námsgengis unglिंगanna þar sem þeir vilja ekki vera of háðir foreldrum sínum (Fan, 2001). Fan og Chen (2001) tóku saman niðurstöður 25 rannsókna um áhrif stuðnings foreldra við námsárangur barna sinna og sýndu niðurstöður að jákvæð tengsl eru þar á milli, en mismikil eftir því hvaða þættir voru skoðaðir; samskipti foreldra við skólann vegna barnsins, þátttaka foreldra í foreldra- og skólaráðum skólans, umræða foreldra og barna um skólann og námið, aðhald foreldra við heimanám barnsins, aðstoð foreldra við heimanám barnsins og hvaða væntingar foreldrar hafa til námsgengis barnsins. Væntingar foreldra til námsgengis barnanna tengdust sterkast námsárangri en aðhald foreldra með heimanámi virtist skipta minnstu máli.

Íslensk ungmenni sem telja sig fá námslegan stuðning frá foreldrum sínum virðast líklegri til að ljúka námi en þeir nemendur sem ekki telja sig fá námslegan stuðning foreldra sinna (Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónasdóttir, 1992; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009). Samkvæmt rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) eru nemendur sem telja foreldra sína hafa veitt sér lítinn stuðning við nám í grunnskóla líklegri til að flosna úr námi eða 62% á móti 33% sem telja foreldra sína hafa veitt sér mikinn stuðning en hætt námi engu að síður.

McNeal (1999) gerði rannsókn meðal unglinga á tengslum stuðnings foreldra við námsgengi nemenda, skróp og brotthvarf þar sem hann flokkar stuðning foreldra í fjóra þætti. Þættirnir eru samræður milli foreldra og barna um nám og

skóla, þátttaka foreldra í foreldra og skólaráðum skólans, aðhald og bein þátttaka foreldra í skólagöngu nemenda.

Samræður milli foreldra og barna um nám og skóla (*e. parent-child discussion*), að foreldrar og börn ræði saman um skólann og það sem tengist honum eins og námsefnið, námsval og lífið í skólanum. Mikilvægt er að opna augu nemenda fyrir gildi fræðslu og menntunar.

Þátttaka foreldra í foreldra- og skólaráðum skólans (*e. parent-teacher organization involvement*), að foreldrar fái tækifæri til að hittast og ræða saman og skiptast á upplýsingum.

Aðhald (*e. monitoring*), samkvæmt Coleman (1987) ætti þessi þáttur að tengjast hegðun og þroska unglunga. Foreldrar fylgjast með hegðun og námi barna sinna með velferð þeirra í huga, til dæmis með aðhaldi við heimanám, setja skýrar reglur og fela þeim ábyrgð heima fyrir.

Bein þátttaka foreldra í skólagöngu (*e. educational support strategies*). Um er að ræða heimsóknir foreldra í skólann og samskipti þeirra við kennara og ráðgjafa, ekki aðeins ef eitthvað gengur ekki nógu vel heldur sem almenn þátttaka foreldra.

Flokkun McNeal tengist þáttum sem tilheyra skólastarfi og heimilislífi. Með því að styðja börn sín í námi og taka þátt í námi þeirra eru foreldrar að leggja áherslu á mikilvægi menntunar og sýna að þeir vilji gera hvað þeir geta til að auka vellíðan og árangur barna sinna í námi. Niðurstöður rannsóknar McNeal voru að þátttaka foreldra í skólagöngu barnsins ýti undir góðan námsárangur og dragi úr líkum á brotthvarfi. Þó kom fram að tengsl þátttöku við námsgengi voru mismunandi eftir þeim mælikvarða sem notaður var á stuðning foreldra (McNeal, 1999). Með því að styðja börn sín í námi og taka þátt í skólastarfinu sýna foreldrar ákveðið fordæmi og leggja áherslu á að menntun er mikilvæg (McNeal, 1999; Fan og Chen, 2001).

Í rannsókn Ernu G. Árnadóttur (2007) á 16 og 17 ára framhaldsskólanemum kom fram að unglingunum, sem hún ræddi við, fannst mikilvægt að fá námslegan stuðning frá foreldrum bæði í grunn- og framhaldsskóla. Þeir voru þó fleiri sem fannst mikilvægara að fá slíkan stuðning í framhaldsskóla. Unglingarnir virtust vera með það á hreinu hvernig stuðning þeir vildu fá frá foreldrum sínum; stuðning við námið sjálft eins og aðstoð við námsefnið, heimanám, verkefni og undirbúning fyrir próf. Auk þess fannst þeim mikilvægt að fá aðhald við námið frá foreldrum og að þeir sýndu námi þeirra áhuga. Einnig vildu þeir að foreldrar

þeirra virtu sjálfstæði þeirra og sýndu þeim virðingu ásamt því að hvetja þá áfram við námið. Oftar er leitað til þess foreldris sem frekar getur aðstoðað við námið. Þar sem námið þyngist þegar komið er í framhaldsskólann eiga ekki allir foreldrar þess kost að aðstoða börn sín við námið sjálft þar sem þekking þeirra á náminu er mismikil. Unglingunum finnst samt mikilvægt að foreldrar þeirra ræði námsefnið við þau og aðstoði eins og þeir geta hverju sinni. Fram kom að ef þau fyndu ekki stuðning foreldranna við námið myndu þau túlka það sem svo að þau skiptu foreldrana ekki máli.

Unglingsárin eru umbrotatími og samband foreldra og barna getur breyst á þessu tímabili. Unglingarnir verða oft sjálfstæðari og vilja frekar standa á eigin fótum er varðar námið. Þeir virðast í auknum mæli sækjast eftir viðurkenningu félaga sinna og finnst síður mikilvægt að fá athygli foreldranna. Samt sem áður virðast þeir vilja fá hrós en það má ekki bera of mikið á því. Mikilvægt er að huga að þroska barnsins hverju sinni þegar hrós er gefið þar sem börn taka hrósi misvel eftir því hvaða aldri þau eru á (Fan, 2001; Hoover-Dempsey og Sandler, 1995; Epstein, 1995; Spera, 2005).

Steinberg (2001) bendir á að unglingar verði oft fyrir margvíslegum áhrifum utan heimilis svo foreldrar og stuðningur þeirra virðist vera mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Foreldrar sem eru virkir í daglegu lífi barna sinna virðast frekar geta sett þeim mörk í uppeldinu og hvatt þau áfram. Þeir virðast eiga auðveldar með að aðstoða unglinginn við þær áskoranir sem hann tekst á við daglega, hvort heldur er námslega eða félagslega.

Í rannsókn Caskey (2008) á unglingum í 7. og 8. bekk kom fram að skuldbinding nemenda til náms virðist aukast eftir því sem stuðningur foreldra er meiri og eftir því sem foreldrar eru í betri tengslum við skólann. Hún skoðaði tengsl stuðnings foreldra og þátttöku þeirra í námi nemenda við hegðunarlega, tilfinningalega og vitsmunalega skuldbindingu nemendanna. Stuðningi foreldra var skipt í þrjá þætti; hversu gott samband er á milli foreldra og barns, þátttaka foreldra í skólastarfinu og löngun foreldra til þess að barnið nái árangri námslega. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að því meiri sem löngun foreldra var eftir því að barn þeirra næði árangri í námi því meiri vitsmunalega og tilfinningalega skuldbindingu sýndu nemendur. Það hversu gott samband foreldra og barns er virðist tengjast hegðunarlegri, tilfinningalegri og vitsmunalegri skuldbindingu nemenda. Það sama má segja um þátttöku foreldra í skólastarfinu. Þannig virðast

niðurstöðurnar benda til að eftir því sem stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í námi barna sinna er meiri virðist skuldbinding nemenda aukast að sama skapi.

Nemendur sem eiga foreldra sem taka þátt í námi þeirra og styðja þá í skólastarfinu virðast að jafnaði líklegri til að skuldbinda sig náminu og ná betri námsárangri en þeir nemendur sem eiga foreldra sem ekki taka þátt í námi barna sinna. Svo virðist sem börn foreldra sem taka þátt í skólagöngu þeirra, standi sig betur námslega og skuldbinding þeirra gagnvart náminu virðist aukast að sama skapi (Caskey, 2008; Gonzalez, 2006; Brewster og Bowen, 2004). Það sama má segja um rannsókn Gonzalez-Dehass o.fl. (2005) á 6400 framhaldsskólanemum þar sem jákvætt samband kom fram á milli þátttöku foreldra í námi nemenda og skuldbindingu þeirra til náms. Stuðningur foreldra felur í sér aðstoð við heimanám, að mæta á skólatengda atburði, fylgjast með tómsendum nemenda og hjálpa nemendum við val á námsleiðum. Eftir því sem þátttaka foreldra var meiri, hækkuðu einkunnir nemenda og skuldbinding þeirra gagnvart náminu virðist aukast að sama skapi. Nemendur sögðust leggja meira á sig og vera einbeittari þegar þeir upplifa stuðning foreldra sinna. Rannsakendur komust að þeirri niðurstöðu að ef foreldrar notuðu leiðandi uppeldisaðferðir í stuðningi sínum jókst skuldbinding nemenda til náms til muna.

Rannsóknir hafa sýnt að jákvætt samband foreldra og nemenda virðist auka skuldbindingu nemenda til náms (Murray, 2009).

Hvatning til náms virðist skipta máli varðandi árangur í námi og er nátengd stuðningi við nám. Börn sem fá hvatningu í námi eru líklegri til að ná betri árangri. Mikilvægt er að hrósa fyrir það sem vel er gert og virkar það hvetjandi á nemendur og eykur líkur á áframhaldandi velgengni. Þannig virðist hrós geta aukið námsárangur nemenda (Hoover-Dempsey og Sandler, 1995). Hrós foreldra og þeirra sem tengjast barninu virðist einnig skipta máli. Þó ber að varast að hrósa of mikið eða á of áberandi hátt þar sem unglingar verða oft viðkvæmir fyrir hrósi og vilja ekki áberandi athygli frá foreldrum. Þeir foreldrar sem eru í hvað bestu sambandi við börn sín eiga auðveldara með að setja sig í spor þeirra og finna fljótt hvar mörkin liggja (Fan, 2001; Hoover-Dempsey og Sandler, 1995).

Í rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjónu Stelli Blöndal (2002) á árgangi 1975 kemur fram að þrír af hverjum fjórum telja sig hafa fengið nokkra eða mikla hvatningu við nám í grunnskóla frá foreldrum. Þar kom fram að ef foreldrar hvetja börn sín til frekara náms eftir grunnskóla og ef samræmi er á milli áherslu barns

og foreldra á stúdentspróf spáir það fyrir um námslok nemenda. Ef ósamræmi er á milli eigin áherslu á stúdentsprófið og foreldranna er líklegt að viðkomandi hafi ekki lokið námi við 24 ára aldur. Stór hluti eða 74% þeirra nemenda sem telja sig hafa fengið litla hvatningu frá foreldrum sínum hættu námi samanborið við 31% þeirra sem telja sig fá mikla hvatningu frá foreldrum sínum hættu í skóla.

Rannsóknir benda til að þeir foreldrar sem hafa framhaldsmenntun geta notað reynslu sína til þess að hvetja börn sín áfram. Þeir þekkja stuðningskerfið (*e. social support networks*) og vita hvar þeir eiga að leita að upplýsingum. Þeir virðast því betur geta hvatt börn sín áfram en þeir foreldrar sem einungis hafa grunnmenntun (Anguiano, 2004).

Í rannsókn Gerðar G. Óskarsdóttur (1993) á nemendum í framhaldsskóla sem hættu námi eftir tveggja ára nám eða minna, kom fram að hvatning foreldra er mikilvæg. Niðurstöður bentu til að börn feðra með mestu menntunina hófu frekar framhaldsnám þrátt fyrir að hafa lægri einkunnir að meðaltali en börn minna menntaðra feðra. Gerður telur eina af skýringunum vera þá að þessir foreldrar hvetja börn sín meira til náms. Vellíðan og námsferill haldast í hendur að mati Gerðar og þar sem hvatning foreldra til náms hefur mikið að segja þurfa þeir unglingar sem ekki fá hvatningu frá foreldrum að fá hana annarsstaðar. Kennarar og náms- og starfsráðgjafar gegna hér mikilvægu hlutverki og geta veitt nemendum þá hvatningu og þann stuðning og ráðgjöf sem þeir þurfa til að geta nýtt hæfni sína og bætt námsgengi sitt. Erna G. Árnadóttir (2007) segir í rannsókn sinni að unglingarnir sem hún ræddi við vilji fá hvatningu frá „fólkinu sínu“. Hvatningin þarf að koma bæði þegar vel gengur og líka þegar illa gengur. Unglingarnir töldu hvatningu mikilvæga og undirstöðu þess að þeim gengi vel í námi.

Fram hefur komið að niðurstöður rannsókna bendi til að þátttaka foreldra í námi og stuðningur og hvatning foreldra skipti miklu máli varðandi velgengi barna þeirra í námi.

Flestar rannsóknir benda til að stuðningur og hvatning foreldra virðist auka námsárangur barna. Einnig kemur fram að unglingar vilja fá stuðning og hvatningu frá foreldrum sínum varðandi námið ekki síður í framhaldsskóla en í grunnskóla. Oftar er leitað til þess foreldris sem er með meiri menntun og á auðveldara með að aðstoða við námið. Eftir því sem foreldrar taka meiri þátt í námi barna sinna virðist skuldbinding þeirra í námi aukast. Það er því mikilvægt

að foreldrar taki þátt í námi barna sinna út skólagönguna þrátt fyrir að unglingar sýni sjálfstæði sitt og séu ekki alltaf jafn hrifnir af stuðningi foreldra sinna.

1.3. Stuðningur kennara

Ekki hafa verið gerðar eins margar rannsóknir á stuðningi kennara og stuðningi foreldra en þær rannsóknir sem hafa verið gerðar sýna fram á tengsl milli stuðnings kennara og hegðunarlegrar, tilfinningalegrar og vitsmunalegrar skuldbindingar.

Hegðunarleg skuldbinding strax á fyrstu stigum skólagöngu virðist auka samvinnu nemenda og kennara. Þeir kennarar sem eru samkvæmir sjálfum sér og hafa skýrar væntingar til nemenda eru líklegri til að kalla fram hegðunarlega skuldbindingu hjá nemendum (Skinner og Belmont, 1993).

Eins virðast nemendur sem sýna hegðunarlega skuldbindingu standast álag betur en nemendur sem ekki eru eins skuldbundnir námi sínu, og því fá nemendur sem eru skuldbundnir námi sínu meiri stuðning frá kennara sínum en nemendur sem ekki eru eins skuldbundnir námi sínu (Klem og Connell, 2004).

Svo virðist sem mikilvægt sé fyrir nemendur að finna að kennarar þeirra geri sér far um að kynnast þeim og séu tilbúnir að styðja þá í náminu. Nemendur vilja oft vinna sjálfstætt en jafnframt að væntingar kennara séu skýrar og fyrirsjáanlegar, einnig að kennarar hafi trú á þeim sem námsmönnum og sýni þeim áhuga persónulega. Rannsóknir sýna að nemendur sem upplifa svona samband við kennara sína virðast frekar sýna skuldbindingu til náms (Klem og Connell, 2004).

Í rannsókn sinni komust Klem og Connell (2004) einnig að því að eftir því sem nemendur voru skuldbundnari námi sínu, því betra var námsgengi þeirra og eiga niðurstöðurnar bæði við nemendur í grunn- og framhaldsskólum. Nemendur voru þrisvar sinnum líklegri til að sýna skuldbindingu til náms ef þeir upplifðu stuðning frá kennurum sínum. Nemendur sem eru skuldbundnir námi sínu virðast fylgjast betur með í tímum, sýna meiri áhuga á náminu og sýna meiri þrautseigju en nemendur sem eru ekki eins skuldbundnir námi sínu, og fá því meiri stuðning frá kennurum sínum.

Fleiri rannsóknir styðja þetta, nemendur sem tengjast kennara sínum eða skólanum tilfinningalega virðast haldast frekar í skóla. Nemendur sem aftur á móti

rekast illa félagslega eða hafa neikvæð viðhorf gagnvart skóla eru líklegri til að hverfa frá námi. Nemendum sem eiga jákvætt og uppbyggilegt samband við kennara sína, virðist líða betur bæði félagslega og tilfinningalega í skóla. Stuðningur kennara getur þannig hjálpað börnum sem líður ekki nógu vel í skólanum að takast á við nám og líðan (Brewster og Bowen, 2004; sjá Fredricks o.fl., 2004).

Skinner og Belmont (1993) komust að því að stuðningur kennara hefur tengsl við skuldbindingu til náms og að því skuldbundnari sem nemendur eru, því meiri stuðning sýnir kennarinn.

Enn fremur sýndi Marks (2000) fram á að þar sem nemendur fá bæði stuðning frá kennara og nemendum í kennslustofunni eru meiri líkur á skuldbindingu á meðal nemenda á öllum skólastigum.

Stuðningur kennara, þ.e. hversu mikið þeir hlusta á, hvetja og virða nemendur virðist tengjast árangri og tilfinningalegri skuldbindingu nemenda. Stuðningur kennara virðist jafnvel skipta nemendur meira máli en stuðningur foreldra. Eftir því sem nemendur upplifa meiri stuðning kennara því minni líkur eru á að þeir sýni truflandi hegðun og meiri líkur á að þeir standi sig betur í skólanum og fari að fyrirmælum kennara. Stuðningur kennara getur þannig hjálpað nemendum sem eru í brotthvarfshættu að halda sig frá vandræðum og sinna námi sínu betur. (Brewster og Bowen, 2004).

Rannsakendur hafa bent á að þegar nemendur fari frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla virðast þeir stundum upplifa minni stuðning kennara eftir að komið er í framhaldsskóla, sem svo hefur áhrif á frammistöðu þeirra í námi og líðan í skólanum. Rannsókn Croninger og Lee (2001) bendir til að nemendur sem hverfa frá námi virðast upplifa minni stuðning kennara sinna en nemendur sem klára skólann og útskrifast (Murray, 2009).

Enn önnur rannsókn gefur til kynna að nemendur sem upplifa ekki jákvætt viðhorf og stuðning frá kennara sínum eru líklegri til að hverfa frá námi (Wehlage, Rutter, Smith, Lesko og Fernandez, 1989).

Í rannsókn Ernu G. Árnadóttur (2007) kemur fram að unglingum finnst mikilvægt að fá stuðning kennara og þeir vilja fá athygli þeirra og finna að þeim sé umhugað um velferð þeirra. Þeir vilja að kennarar sýni þeim sjálfum og námi þeirra persónulegan áhuga. Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir þessu stuðningshlutverki og rækti það eins og kostur er.

Furrer og Skinner (2003) komust að því að ef nemendur upplifa tengsl á milli sín og kennara, samnemenda eða foreldra virðist það auka tilfinningalega skuldbindingu þeirra.

Nemendur sem segjast finna fyrir litlum stuðningi kennara, forelda og félaga, virðast sýna minni skuldbindingu til náms að jafnaði en þeir nemendur sem upplifa námslegan stuðning frá kennurum, foreldrum og félögum (Rosenfeld, Richman og Bowen, 2000).

Stuðningur bæði kennara og foreldra virðist hafa tengsl við skuldbindingu nemenda en þó virðist stuðningur kennara hafa sterkari tengsl við skuldbindingu nemenda en stuðningur foreldra (Murray, 2009).

Stuðningur kennara við nám nemenda og væntumþykja virðist einnig hafa tengsl við ýmsa þætti hegðunarlegrar skuldbindingar eins og meiri þátttöku í náminu og því að sinna verkefnum sínum, minni truflun í tímum og minni líkur á brotthvarfi. Kennarar virðast taka þá nemendur sem sinna námi sínu vel í tímum og sinna heimanámi fram yfir þá nemendur sem sýna truflun í kennslustundum (sjá Fredricks o.fl., 2004; Furlong o.fl., 2003; Klem og Connell, 2004).

1.4. Stuðningur náms- og starfsráðgjafa

Heildræn náms- og starfsráðgjöf gerir náms- og starfsráðgjöfum kleift að hámarka samvinnu við nemendur með því að hjálpa þeim að tengja námið við framtíðarmarkmið sín, kenna þeim námstækni og vinnubrögð og að sjá fyrir afleiðingar hegðunar sinnar. Með því að aðstoða nemendur á þennan hátt geta náms- og starfsráðgjafar hjálpað nemendum að auka hegðunarlega og vitsmunalega skuldbindingu sína (Sciarra og Seirup, 2008).

Rannsóknir benda til að nemendur sem er umhugað um starfsferil sinn og eru meðvitaðir um hvert þeir stefna eru með jákvæðari viðhorf gagnvart skóla og virðast skuldbundnari námi sínu en aðrir nemendur (Lapan, 2004). Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað framhaldsskólanema við að finna út hvaða nám og störf henta þeim að loknu námi. Ef nemendur átta sig á hversu mikilvægar námsgreinar skólans eru því námi sem þá langar í síðar, virðast vera meiri líkur á að þeir nái tókum á þeim. Það að velta starfsferli sínum fyrir sér virðist hjálpa nemendum að skilja betur tenginguna á milli þess að ganga vel í skóla og hafa val

síðar meir og tækifæri í lífinu, sem svo virðist auka skuldbindingu þeirra (Kenny, Blustein, Haase, Jackson og Perry, 2006).

Einnig sýna rannsóknir að nemendur sem taka þátt í náms- og starfsfræðslu virðast hafa mun betri skilning á framtíðarmöguleikum sínum og virðast skuldbundnari námi sínu en nemendur sem ekki fara í náms- og starfsfræðslu (Dimmitt, 2007). Samkvæmt Whiston og Quinby (2011) virðist sem stuðningur og ráðgjöf náms- og starfráðgjafa varðandi nám og störf hjálpi nemendum að ná árangri í námi og auki skuldbindingu þeirra til náms. Samkvæmt rannsóknnum Guðbjargar Vilhjálmsdóttur (2000) eiga þeir nemendur auðveldara með að taka ákvarðanir um framtíð sína sem hafa fengið náms- og starfsráðgjöf á skólagöngu sinni.

Í gegnum leiðsögn náms- og starfsráðgjafa geta nemendur frekar borið ábyrgð á námsvali fyrir framtíðina. Enda hafa rannsóknir sýnt að mörgu ungu fólki vex það oft í augum að þurfa að taka flóknar ákvarðanir um framtíð og leiðir þegar kemur að náms- eða starfsvettvangi (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000) sem eflaust getur dregið úr skuldbindingu þess gagnvart náminu.

Svo virðist sem hefðbundið inngrip kennara dugi ekki lengur til að halda hæfum nemendum við efnið og viðhalda áhuga þeirra á skólanum. Náms- og starfsráðgjafar geta boðið upp á lausnir til að sporna við brotthvarfi og aðstoða nemendur á persónulegan, félagslegan og tilfinningalegan hátt. Einnig með því að veita þeim ráðgjöf varðandi nám og störf í framtíðinni. Nám- og starfsráðgjöf getur þannig stuðlað að aukinni skuldbindingu nemenda (Scheel og Gonzalez, 2007).

Kennarar mættu gera meira af því að kalla foreldra til við að skipuleggja nám barna þeirra. Svo virðist sem kennurum finnist oft þeir einir bera ábyrgð á námi nemenda og að foreldrar og náms- og starfsráðgjafi eigi að vera í ákveðinni fjarlægð, ekki þurfi að kalla þá til nema þeir sjálfir geti ekki leyst úr málefnum nemenda (Amatea, Daniels, Bringman og Vandiver, 2004; Epstein og Van Voorhis, 2010). Mikilvægt er að kennarar og náms- og starfsráðgjafar skoði nýjar leiðir til að vera í tengslum við nemendur og fjölskyldur þeirra með það í huga að auka árangur þeirra í námi og skuldbindingu þeirra (Amatea o.fl., 2004).

Auðveldara virðist að auka skuldbindingu nemenda í fámennari skólum. Eftir því sem skólarnir eru minni virðast nemendur eiga auðveldar með að tengjast skólanum sínum, samnemendum og kennurum og taka meira þátt í skipulögðu

tómstundastarfi á vegum skólans. Sangirni og sveigjanleiki í skólastarfi eru líkleg til að draga úr líkum á brotthvarfi nemenda (Finn og Voelkl, 1993). Rannsóknir sýna að náms- og starfsráðgjafar gegna mikilvægu hlutverki í að ýta undir gott námsgengi nemenda og draga úr líkum á að þeir hverfi frá námi. Með því að fylgjast með mætingu og ástundun, námsárangri og áætluðum skólalokum getur námsráðgjafi stutt nemendur í námi og veitt þeim ákveðið aðhald. Talið er að mikilvægt sé fyrir nemendur að hafa stuðning samnemenda, foreldra, kennara og námsráðgjafa (White og Kelly, 2010).

Ákall um nýjar leiðir í náms- og starfsráðgjöf eru studdar af the American School Counselor Association (ASCA, 2009). ASCA skilgreinir náms- og starfsráðgjafa sem leiðtoga, talsmenn nemenda og samstarfsmenn í skólum, sem veita ekki bara einstaka nemendum og fjölskyldum þeirra þjónustu, heldur vinna með kennurum og stjórnendum að mennta- og fræðslumálum og taka foreldra og nemendur inn í skólastarfið (Taylor og Davis, 2009; Schulz, 2011). Náms- og starfsráðgjafar gætu hjálpað til við að brúa bilið milli skóla og foreldra (Walker o.fl., 2010).

Náms- og starfsráðgjafar hafa fengið þjálfun bæði í einstaklingsviðtölum og í hópráðgjöf. Þeir eru sérstaklega þjálfaðir í þáttum eins og persónulegum tengslum, jákvæðu og hlýlegu viðmóti, vera opnir, traustir, koma fram við aðra á jafningjagrunni og eru færir í samskiptum (Walker o.fl., 2010). Þeir hafa lært tækni til að nota í samskiptum við foreldra svo nálgast megi vanda nemenda þannig að allir komi jafnir að borði (Council for Accreditation of Counseling & Related Educational Programs, 2009). Þessi hæfni, ásamt þekkingu náms- og starfsráðgjafa á skólastarfi gerir þá hæfa til að tengja saman heimili og skóla og taka forystu í að efla þátttöku foreldra í skólastarfi (Bemak og Cornely, 2002; Walker o.fl., 2010; Jackson o.fl., 2002; House og Sears, 2002; Martin, 2002).

Efla þarf samstarf foreldra og kennara með þarfir nemenda í huga. Svo virðist sem kennurum finnist samstarf við foreldra byggjast á því að þeir upplýsi þá reglulega um námsgengi barna þeirra, þeir aðstoði börn sín við heimavinnu, kynni sér skilaboð frá kennara og komi í skólann þegar þeir eru boðaðir. Samstarf kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda þarf að vera gott en þeir vinna oft sjálfstætt og óháðir hver öðrum og lítill tími gefst fyrir samráð (Amatea o.fl., 2004; Walker, Shenker og Hoover-Dempsey, 2010).

Foreldrar eru sérfræðingar í börnum sínum og mikilvægt er að tala við þá á jafningjagrunni, spyrja þá ráða hvað henti börnum þeirra, hvernig þeim finnst best að læra og hverjir eru styrkleikar og veikleikar þeirra. Foreldrar búa yfir mikilli þekkingu sem getur styrkt kennara og náms- og starfsráðgjafa og hjálpað til við að bæta námsgengi nemenda (Walker o.fl., 2010).

Rannsókn Murray (2009) bendir til að þeir kennarar sem eru í góðu sambandi við foreldra framhaldsnema og ræða við þá um nám þeirra öðlist við það meiri þekkingu á nemendum, foreldrunum sjálfum og þeirri menningu sem nemendur búa við. Sú þekking sem kennarar fá við þessi samskipti virðast auka jákvætt viðhorf þeirra til nemenda og hjálpar þeim að koma betur til móts við þá.

Árið 2000 voru samþykkt lög í Bandaríkjunum þess efnis að skólar skyldu mynda samstarf með það að markmiði að auka stuðning foreldra og þátttöku þeirra í félagslegum, tilfinningalegum og námslegum vexti barna sinna (National Educational Goals Panel, 1999). Þannig hefur löggjöfin skilgreint virkt hlutverk foreldra í ákvörðunum er varða nám barna þeirra og fyrir samfélagið í heild (Amatea o.fl., 2004).

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægt hvort heldur sem er í grunn- eða framhaldsskóla. Í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 er áhersla lögð á mikilvægi þess að samstarf sé á milli foreldra og nemenda yngri en 18 ára. Kveðið er á um að foreldraráð skuli vera starfandi í framhaldsskólum og að hlutverk þess sé meðal annars að huga að hagsmunamálum nemenda. Í athugasemdum við grein frumvarpsins kemur fram að mikilvægt sé að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra við börn sín og nám þeirra og tryggja gott samstarf foreldra, nemenda og starfsfólks skólans.

Samkvæmt Epstein (1995) hefur samvinna heimilis og skóla góð áhrif á allt skólastarf og ýtir undir velgengni nemenda bæði meðan á námi stendur og einnig eftir að námi er lokið. Skilgreining hennar á samstarfi heimilis og skóla hefur skapað sér sess sem nær til allra skólastiga. Um sex þætti er að ræða: *Foreldrahlutverk, samskipti, sjálfböðavinnu, heimavinnu, ákvarðanatöku og samvinnu við samfélagið*. Reynslan hefur sýnt að samstarf virðist mest á yngri stigum skólastarfs en það er ekki síður mikilvægt að hafa gott samstarf þegar börnin komast á unglingsár (Epstein, 1995). Mikilvægt er að foreldrar veiti börnum sínum aðhald, styðji þau og hvetji til náms (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna; Gerður G. Óskarsdóttir, 1995).

Elín Thorarensen (1998) gerði athugun veturinn 1995-1996 á foreldrasamstarfi í framhaldsskólum landsins og þar kom í ljós að samstarf var mest fyrstu tvö árin en sjálfræðisaldurinn var þá sextán ára. Seinni könnun Elínar (2004) á samstarfi heimilis og framhaldsskóla var gerð eftir að sjálfræðisaldurinn hafði verið hækkaður í átján ár. Hún sýndi að foreldrar höfðu meira samband við skólann en áður og þá helst til að ræða um börn sín. Niðurstöður Elínar (2004) á þessum tveimur könnunum sýna að foreldrasamstarf fellur að mestu undir tvo fyrstu þætti Epstein (1995) sem eru *foreldrahlutverk og samskipti*.

Rannsóknir sýna að aukið foreldrasamstarf virðist skila sér í betri námsárangri nemenda í framhaldsskóla (Epstein og Van Voorhis, 2010). Kennarar, foreldrar, náms- og starfsráðgjafar og nemendur ættu að vinna saman að því að auka námsárangur nemanda. Þar spilar náms- og starfsráðgjafi mikilvægt hlutverk eins og áður hefur komið fram (Epstein og Van Voorhis, 2010; Adelman, 2002).

Félag náms- og starfsráðgjafa og Heimili og skóli – landssamtök foreldra undirrituðu viljayfirlýsingu í mars 2007 um samstarf til ársloka 2008 (Félag náms- og starfsráðgjafa, 2007). Þar segir að það sé sameiginlegt markmið beggja aðila að standa vörð um hagsmuni nemenda innan skólanna. Með þessu skrefi hefur samvinna skóla og heimila verið eflað með fagmennsku að leiðarljósi. Leggja þarf áherslu á samstarf við foreldra framhaldsskólanema þar sem sjálfræðisaldurinn er nú komin í 18 ár hér á landi. Mikilvægt er að styðja foreldra framhaldsskólanema í hlutverki sínu og hvetja þá í að viðhalda námslegum stuðningi við börn sín áfram. Þar sem brotthvarf nemenda er enn mikið við upphaf framhaldsskólans er mikilvægt að heimili og skóli taki höndum saman og styðji framhaldsskólanemendur þannig að þeim farnist vel í námi og starfi. Örar breytingar á framhaldsskólakerfinu og auknir valmöguleikar unga fólksins gera það að verkum að nú sem aldrei fyrr er þörf á því að framhaldsskólinn og foreldrar nemenda vinni saman. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í þessu ferli er mjög mikilvægt. Starfsfólk skólans og foreldrar þurfa að vinna að því jöfnum höndum að styðja nemendur í námi þeirra og aðstoða þá við að auka skuldbindingu sína til náms.

Rannsóknir benda til þess að náms- og starfsráðgjafar leiki mikilvægt hlutverk í að hjálpa framhaldsskólum að koma á og viðhalda samstarfi við fjölskyldur og samfélagið sem stuðlar að bættum námsárangri nemenda og aukinni skuldbindingu þeirra til náms (Epstein og Van Voorhis, 2010; Schulz, 2011).

Mikilvægt er að nemendur hljóti náms- og starfsfræðslu og tengi námsgreinar skólans við framtíðarmarkmið sín. Þannig eru meiri líkur á að nemendur skuldbindi sig námi sínu, nái árangri og klári skólann. Samvinna náms- og starfsráðgjafa, foreldra og kennara virðist stuðla að betra námsgengi nemenda og auka líkur á skuldbindingu nemenda til náms.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er að skoða hvort stuðningur og hvatning foreldra og stuðningur kennara í námi 16 og 17 ára framhaldsskólanema auki skuldbindingu þeirra til náms. Einnig verður athugað hvort þörf nemenda á stuðningi og ráðgjöf skólans dragi úr skuldbindingu nemenda. Niðurstöðurnar má nýta fyrir foreldra, kennara og náms- og starfsráðgjafa til að styðja betur við framhaldsskólanema í námi þeirra.

Í ljósi kenninga og niðurstaðna annarra rannsókna eru settar fram eftirfarandi tilgátur:

- Því meira sem foreldrar taka þátt í skólagöngu barna sinna og hvetja þau til náms þeim mun skuldbundnari verða nemendur námi sínu, að teknu tilliti til kyns þeirra og menntunar foreldra.
- Því meiri stuðningur sem nemendur fá frá kennurum sínum, þeim mun skuldbundnari eru þeir námi sínu, að teknu tilliti til kyns nemenda og menntunar foreldra.
- Því meiri þörf sem nemendur hafa fyrir stuðning og ráðgjöf skóla því minni skuldbindingu sýna þeir námi sínu að teknu tilliti til kyns nemenda og menntunar foreldra.

2. Aðferð

2.1. Þátttakendur

Þessi rannsókn byggir á gögnum úr langtímarannsókn Jóns Torfa Jónssonar og Kristjönu Stelli Blöndal: Skilvirkni íslenskra framhaldsskóla. Spurningakönnun var lögð fyrir framhaldsskólanemendur í öllum framhaldsskólum landsins vor og haust 2007. Alls svöruðu 3990 listanum og var svarhlutfallið 76%. Tekið var tilviljunarúrtak áfanga eða bekkja, eftir því hvað átti við í viðkomandi skóla. Einn til tveir hópar (bekkir eða áfangar) voru valdir með tilviljun á hverju námsári. Í stærri skólum voru teknir tveir hópar á hverju ári. Í minni skólum var einn hópur á hverju námsári eða allur skólinn í sumum tilvikum. Í skólum þar sem bæði var boðið upp á bók- og verknám var tekinn einn hópur úr hvorum flokki á hverju námsári. Skólum í millistærð var skipt tilviljunarkennt á þann veg að í um helmingi tilvika í þeim flokki voru teknir tveir hópar á námsári og í um helmingi tilvika einn hópur. Í þeim skólum þar sem starfrækar voru almennar deildir, nokkur fjöldi nýbúa eða nemendur með lestrarvanda, var tekið viðbótarúrtak til að ná til þessara nemenda.

Þessi rannsókn sem hér er kynnt nær til 1842 16 og 17 ára nemenda sem þátt tóku í rannsókninni Skilvirkni íslenskra framhaldsskóla. Kynjahlutfall var svo til jafnt, 951 stúlka tók þátt (51%) og 891 strákur (48,4%).

2.2. Mælitæki

Í spurningalistanum var spurt um upplifun nemenda í skólanum, námsvenjur, afstöðu til náms og skólans, stuðning foreldra, þátttöku í félagslífi og vinnu með námi. Í þessari rannsókn er sjónum beint að stuðningi foreldra (þátttöku og hvatningu til náms), stuðningi kennara, þörf nemenda á stuðningi og ráðgjöf og skuldbindingu nemenda gagnvart námi og skóla auk bakgrunns nemenda (kyn þeirra og menntun foreldra).

Menntun foreldra. Spurt var um menntun móður og föður og voru svarmöguleikar fjórir, þ.e. grunnskólapróf eða annað skyldunám, iðnnám eða

annað starfsnám, bóklegt framhaldsskólapróf og háskólapróf. Í þessari rannsókn er menntun þrískipt, þ.e. grunnskólapróf, framhaldsskólapróf og háskólapróf og byggist matið á menntun þess foreldris sem hefur lokið hærra menntastigi ef um mismunandi stig er að ræða. Í aðhvarfsgreiningu voru notaðar svokallaðar vísibreytur, þ.e. nemendur foreldra með grunnskólapróf voru annars vegar bornir saman við þá sem áttu foreldra með framhaldsskólapróf og hins vegar þá sem áttu foreldra með háskólapróf.

Stuðningur foreldra og kennara. Gerð var leitandi þáttagreining með meginásagreiningu (e. *exploratory factor analysis, principal axis*) og hornskökkum snúningi (e. *oblique rotation*) á átta atriðum sem meta eiga þátttöku foreldra í námi barna sinna og stuðning kennara (Klem og Connell, 2004; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012). Niðurstöður þáttagreiningar leiddu í ljós tvo þætti: Þátttöku foreldra í námi barna sinna og stuðning kennara (sjá niðurstöður þáttagreiningar í töflu I í viðauka). Almennt er gerð sú krafa að hleðsla (fylgni) breyту við þátt sé ekki undir 0,30 til þess að tilheyra þáttum í gagnasafni (Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson, 2005). Allar breyturnar sem notaðar voru í niðurstöðum þessarar rannsóknar hlóðu yfir 0,30 við tiltekinn þátt og en voru með lága hleðslu á aðra þætti og var því um nokkuð skýra þáttalausn að ræða. Þættirnir falla vel að niðurstöðum annarra rannsókna um stuðning foreldra í námi barna þeirra. Þar má nefna þætti eins og að ræða við barnið um skólann og fylgjast með því sem það er að gera í skólanum (Anquiano, 2004; Gnozalez, 2006; McNeal, 1999). Þættir sem snúa að stuðningi kennara falla einnig vel að niðurstöðum annarra rannsókna. Að kennarar leggi sig fram um að nemendur nái árangri og auðvelt sé að tala við þá eru dæmi um slíka þætti (Klem og Connell, 2004; Brewster og Bowen, 2004).

Stuðningur foreldra var annars vegar metinn með tilliti til þátttöku þeirra í námi barns síns í framhaldsskóla og hins vegar hvatningu þeirra við námið í 10. bekk. Þátttaka foreldra í námi var mæld með þremur atriðum. Svarendur voru beðnir um að meta á fimm punkta kvarða hversu oft ákveðnar fullyrðingar áttu við þá en kvarðinn náði frá „Aldrei“ til „Alltaf“. Dæmi um atriði eru: „Ég ræði skólann og nám mitt við foreldra mína“ og „Foreldrar mínir sýna því áhuga sem ég er að læra í skólanum“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,71$.

Mat á hvatningu foreldra í síðasta bekk grunnskóla byggist á eftirfarandi spurningu: *Fékkst þú mikla eða litla hvatningu við námið frá foreldrum þínum í*

10. bekk. Þátttakendur voru beðnir um að svara á fjögurra punkta kvarða sem náði frá „Enga“ til „Mikla“.

Stuðningur kennara skilgreindur sem „hversu mikið kennarar fylgjast með, hlusta á og hvetja nemendur“ var mældur með fimm atriðum. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum á fimm punkta kvarða um hversu sammála eða ósammála þeir væru ákveðnum staðhæfingum. Kvarðinn náði frá „Mjög sammála“ til „Mjög ósammála“. Dæmi um atriði eru: „Umsjónarkennarinn minn fylgist mjög vel með hvernig mér gengur í skólanum“ og „Það er ljóst hvaða kröfur kennarar mínir gera til nemenda“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,74$. Atriðin eru kóðuð þannig að því hærra gildi því meiri er þátttaka foreldra, hvatning foreldra við námið í 10. bekk og stuðningur kennara.

Skuldbinding gagnvart námi og skóla og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf. Gerð var leitandi þáttgreining með meginásagreiningu (*e. exploratory factor analysis, principal axis*) og hornskökkum snúningi (*e. oblique rotation*) á 14 atriðum sem meta hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu til náms og skóla (sjá Fredricks o.fl., 2004; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012) og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla. Niðurstöður þáttgreiningar leiddu í ljós fjóra þætti: Jákvæða námshegðun, neikvæða skólahegðun, jákvæðar tilfinningar í garð skóla og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skóla (sjá niðurstöður þáttgreiningar í töflu II í viðauka). Atriðin voru þáttalega hrein fyrir utan að tvö atriði hlóðu svipað á tvo þætti og var ákvörðun um hvaða þætti atriðið var látið tilheyra byggð á fræðilegri umfjöllun og fyrri rannsóknum (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2010; sjá Fredricks o.fl., 2004).

Jákvæð námshegðun var mæld með fjórum atriðum. Dæmi um atriði eru: „Ég tek virkan þátt í kennslustundum“ og „Ég geri mitt besta þegar ég læri heima“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,74$.

Neikvæð skólahegðun var mæld með fimm atriðum. Dæmi um atriði eru: „Ég skrópa í kennslustundum“ og „Ég er illa undirbúin/n fyrir kennslustundir“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,74$. Þátttakendur mátu atriði um hegðunarlega skuldbindingu á fimm punkta kvarða um hversu oft atriðin áttu við þá en kvarðinn náði frá „Aldrei“ til „Alltaf“.

Jákvæðar tilfinningar í garð skóla voru metnar með þremur atriðum. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningum á fimm punkta kvarða sem náði frá „Mjög sammála“ til „Mjög ósammála“. Dæmi um atriði eru: „Mér líkar vel við

námið sem ég er í nú“ og „Það er góður andi í skólanum“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,77$.

Þörf á stuðningi og ráðgjöf skóla var mæld með fjórum atriðum. Dæmi um fullyrðingar eru: „Ég þarf ráðgjöf um námsval“ og „Ég þarf ráðgjöf um vinnubrögð“. Þátttakendur voru beðnir um að meta fullyrðingarnar á fjögurra punkta kvarða frá „Nei, þarf ekki stuðning/ráðgjöf“ til „Já, mun meiri“. Innri áreiðanleiki var $\alpha = 0,71$.

2.3. Framkvæmd

Félagsvísindastofnun hafði umsjón með framkvæmd könnunarinnar. Haft var samband við skólastjórnendur allra framhaldsskóla landsins í desember 2006 til að kynna rannsóknina og óska eftir þátttöku skólanna. Allir samþykktu þátttöku. Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu febrúar til nóvember 2007.

Foreldrum nemenda sem ekki höfðu náð sjálfræðisaldri (yngri en 18 ára) var sent bréf þar sem óskað var eftir þátttöku barna þeirra í rannsókninni. Í bréfinu var þeim bent á að hafa samband við Félagsvísindastofnun ef þau óskuðu eftir því að barnið þeirra tæki ekki þátt í rannsókninni. Alls höfðu 22 foreldrar samband og óskuðu eftir því að þeirra börn tækju ekki átt í rannsókninni.

Að fengnu leyfi skólastjórnenda sem og frá Persónuvernd var spurningalistinn lagður fyrir alla nemendur í úrtaksbekkjum/áföngum sem mættir voru í tiltekna kennslustund.

2.4. Úrvinnsla

Í tölfræðilegri úrvinnslu var notast við forritið SPSS, útgáfu 16. Fylgibreytur voru jákvæð námshegðun, neikvæð skólahegðun og jákvæðar tilfinningar í garð skólans. Frumbreytur voru þátttaka foreldra í framhaldsskólanámi barns síns, hvatning foreldra við nám barnsins í 10. bekk, stuðningur kennara, þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf skólans auk bakgrunns nemenda (kyn nemenda og menntun foreldra). Notuð var þáttgreining og atriðagreining til að búa til rannsóknarbreyturnar. Forspá frumbreyta um skuldbindingu nemenda var könnuð

með fjölbreytuaðhvarfsgreiningu (*e. multiple regression*). Auk þess var notuð lýsandi tölfræði, fylgniútreikningar (*Pearsons 'r*) og viðeigandi marktektarpróf.

3. Niðurstöður

Hér verður greint frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar á því hvort þátttaka foreldra í námi nemenda og hvatning þeirra við nám nemenda í 10. bekk, stuðningur kennara og þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla spái fyrir um hegðunarlega (jákvæð námshegðun, neikvæð skólahegðun) og tilfinningalega skuldbindingu nemenda (jákvæðar tilfinningar í garð skóla). Lýsandi tölfræði fyrir rannsóknarbreyturnar má sjá í töflu 1 eftir kyni nemenda og í töflu 2 eftir menntun foreldra. Í töflu 3 eru kynntar niðurstöður fylgniútreikninga fyrir rannsóknarbreyturnar. Að lokum eru kynntar niðurstöður fjölbreytuaðhvarfsgreiningar fyrir forspá bakgrunns nemenda, stuðning foreldra og kennara, þarfar nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf um jákvæða námshegðun, neikvæða skólahegðun og jákvæðar tilfinningar í garð skóla.

Tafla 1.
Meðaltöl og staðalfrávik rannsóknarbreyta eftir kyni

	Fjöldi	Spönn	Strákar		Stelpur		t-gildi	Heild M
			M	SF	M	SF		
Þátttaka foreldra***	1706	1 - 5	3,57	0,72	3,77	0,76	-5,59	3,67
Hvatning for. í 10 b.***	1779	1 - 4	3,45	0,68	3,55	0,63	-3,27	3,50
Stuðningur kennara*	1705	1 - 4	3,79	0,62	3,73	0,63	1,80	3,76
Þörf fyrir stuðning***	1746	1 - 4	3,28	0,58	3,15	0,61	-3,92	3,21
Jákvæð námshegðun***	1752	1 - 5	3,60	0,78	3,83	0,70	-6,36	3,70
Jákvæðar tilfinningar*	1739	1 - 5	4,20	0,70	4,27	0,71	-2,27	4,23
Neikvæð skólahegðun***	1768	1 - 4,5	2,64	0,44	2,59	0,43	3,54	2,62

* $P < 0,05$, *** $P < 0,001$ skv. t-prófi

Eins og sjá má í töflu 1 virtust foreldrar að jafnaði taka meiri þátt í skólagöngu stelpna í framhaldsskóla og hvetja þær meira við námið í 10. bekk en foreldrar stráka. Á hinn bóginn mátu strákar að jafnaði meiri stuðning frá kennurum en stelpur, en töldu sig þó að jafnaði þurfa meiri stuðning og ráðgjöf en stelpur. Stelpur sýndu að jafnaði jákvæðari námshegðun og jákvæðari tilfinningar í garð námsins en strákar. Strákar virtust aftur á móti sýna neikvæðari skólahegðun en stelpur.

Tafla 2.
Meðaltöl og staðalfrávik fylgibreyta eftir menntun foreldra

	Fjöldi	Spömn	M	SF
Jákvæð námshegðun	1667			
	Grunnskólapróf	1 - 5	3,71	0,78
	Framhaldsskólapróf	1 - 5	3,73	0,74
	Háskólapróf	1,33 - 5	3,73	0,76
Jákvæðar tilfinningar***	1657			
	Grunnskólapróf	1 - 5	4,14	0,71
	Framhaldsskólapróf	1 - 5	4,22	0,70
	Háskólapróf	1 - 5	4,31	0,66
Neikvæð skólahegðun	1685			
	Grunnskólapróf	1,75 - 4	2,65	0,42
	Framhaldsskólapróf	1,5 - 4,5	2,61	0,45
	Háskólapróf	1 - 4,25	2,61	0,43

*** $P < 0,001$

Þegar menntun foreldra, það er hvort foreldrar voru með grunnskólapróf, framhaldsskólapróf eða háskólapróf, var skoðuð kom í ljós að ekki var marktækur munur á jákvæðri námshegðun, $F(2, 1667) = 0,11$, $p > 0,05$ eða neikvæðri skólahegðun $F(2, 1683) = 1,12$, $p > 0,05$. Hins vegar var marktækur munur á jákvæðum tilfinningum í garð skóla eftir menntun foreldra $F(2, 1655) = 7,01$, $p < 0,001$. Nemendur foreldra með háskólapróf höfðu að jafnaði jákvæðari tilfinningar í garð skóla en nemendur sem áttu foreldra með grunnskólapróf, skv. Hochberg GT2 $p < 0,05$.

Tafla 3.

Fylgni milli jákvæðrar námshegðunar, jákvæðra tilfinninga í garð skóla og neikvæðrar skólahegðunar og frumbreytanna fjögurra

	Þátttaka foreldra	Hvatning foreldra	Stuðningur kennara	Þörf fyrir stuðning	Jákvæð námshegðun	Jákvæðar tilfinningar
Hvatning foreldra í 10 bekk	0,43 ^{***} N=1692					
Stuðningur kennara	0,55 ^{***} N=1665	0,19 ^{***} N=1692				
Þörf fyrir stuðning	-0,07 ^{**} N=1671	0,06 ^{**} N=1730	-0,13 ^{**} N=1633			
Jákvæð námshegðun	0,46 ^{***} N=1684	0,24 ^{***} N=1737	0,34 ^{***} N=1686	-0,18 ^{**} N=1719		
Jákvæðar tilfinningar	0,35 ^{***} N=1675	0,20 ^{***} N=1725	0,40 ^{***} N=1674	-0,22 ^{**} N=1703	0,31 ^{***} N=1713	
Neikvæð skólahegðun	-0,14 ^{***} N=1693	-0,10 ^{***} N=1751	-0,11 ^{***} N=1691	-0,08 ^{**} N=1729	-0,25 ^{***} N=1740	-0,15 ^{***} N=1721

* $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ *** $p < 0,001$

Jákvæð námshegðun

Eins og sjá má í töflu 3 var marktæk fylgni á milli jákvæðrar námshegðunar og frumbreytanna fjögurra. Jákvæð námshegðun hafði hæstu fylgni við þátttöku foreldra, ($r = 0,46$, $p < 0,001$) en lægstu við þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla, ($r = -0,18$ $p < 0,01$). Eftir því sem þátttaka foreldra í námi barna sinna var meiri og því meiri hvatningu sem nemendur fengu frá foreldrum við námið því jákvæðari námshegðun sýndu nemendur að jafnaði. Einnig kom fram að því meiri sem stuðningur kennara var því betur að jafnaði sinntu nemendur náminu og því meiri þörf sem nemendur höfðu fyrir aukinn stuðning og ráðgjöf skólans því minni jákvæða námshegðun sýndu nemendur. Því jákvæðari námshegðun sem nemendur sýndu því jákvæðari virtust tilfinningar þeirra í garð skólans vera. Jafnframt kom fram að því jákvæðari námshegðun sem nemendur sýndu því minni líkur voru á neikvæðri skólahegðun hjá þeim eins og búast mátti við.

Jákvæðar tilfinningar í garð skóla

Marktæk fylgni var á milli jákvæðra tilfinninga í garð skóla og frumbreytanna fjögurra. Eins og sjá má í töflu 3 hafði jákvæð tilfinning í garð skóla hæstu fylgni við stuðning kennara, ($r = 0,40$ $p < 0,001$) en lægstu fylgni við þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla, ($r = -0,22$ $p < 0,01$). Eftir því sem þátttaka foreldra í námi barna sinna var meiri, og því meira sem þeir hvetja börn sín við námið í 10. bekk,

Því jákvæðari voru tilfinningar nemenda í garð skólans. Jafnframt jukust jákvæðar tilfinningar nemenda í garð skólans eftir því sem stuðningur kennara var meiri. Því meiri þörf sem nemendur höfðu fyrir stuðning og ráðgjöf skólans því minni voru jákvæðar tilfinningar þeirra í garð skólans. Því jákvæðari tilfinningar sem nemendur höfðu í garð skólans því meiri virtist jákvæð námshegðun þeirra vera. Jafnframt kom fram að því jákvæðari tilfinningar sem nemendur höfðu í garð skólans því minni líkur virtust vera á neikvæðri skólahegðun.

Neikvæð skólahegðun

Marktæk fylgni en veik kom fram á milli neikvæðrar skólahegðunar og frumbreytanna fjögurra (sjá töflu 3). Neikvæð skólahegðun hafði hæstu fylgni við þátttöku foreldra, ($r = -0,14$ $p < 0,001$) en lægstu fylgni við þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla, ($r = -0,08$ $p < 0,01$). Eftir því sem foreldrar tóku meiri þátt í námi barna sinna og því meira sem þeir hvetja þau við námið í 10. bekk því minni neikvæða skólahegðun sýndu þau að jafnaði. Jafnframt kom fram að eftir því sem stuðningur kennara var meiri því minni neikvæða hegðun sýndu nemendur. Því meiri þörf sem nemendur höfðu fyrir stuðning og ráðgjöf skólans því neikvæðari skólahegðun sýndu þeir. Eftir því sem nemendur sýndu neikvæðari skólahegðun virtist að sama skapi draga úr jákvæðum tilfinningum þeirra í garð skólans og jákvæð námshegðun þeirra dvínaði jafnframt.

Fjölbreytuaðhvarfsgreining fyrir jákvæða námshegðun, neikvæða skólahegðun og jákvæðar tilfinningar í garð skóla

Fjölbreytuaðhvarfsgreining var notuð til að meta forspárgildi þátttöku og hvatningar foreldra í námi barna sinna, stuðnings kennara og þörf nemenda á stuðningi og ráðgjöf frá skólanum um hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Tekið var tillit til kyns nemandans og menntunar foreldra. Niðurstöður eru kynntar í töflu 4.

Tafla 4.

Aðhvarfsgreining fyrir jákvæða námshegðun, neikvæða skólahegðun og jákvæðar tilfinningar í garð skóla

Breytur	Jákvæð námshegðun			Jákvæðar tilfinningar			Neikvæð skólahegðun		
	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β	<i>B</i>	<i>SE B</i>	β
Kyn	0,19	0,03	0,13***	0,09	0,03	0,06**	-0,04	0,02	-0,05*
Menntun foreldra:									
Grunnskóli vs framhaldsskóli	-0,01	0,05	-0,01	0,07	0,05	0,05	-0,03	0,03	-0,04
Grunnskóli vs háskóli	-0,04	0,05	-0,03	0,14	0,05	0,10**	-0,03	0,03	-0,03
Þáttaka foreldra	0,34	0,03	0,34***	0,13	0,03	0,14***	-0,05	0,02	-0,08*
Hvatning foreldra í 10 b.	0,07	0,03	0,06*	0,05	0,03	0,05	-0,02	0,02	-0,03
Stuðningur kennara	0,17	0,03	0,14***	0,33	0,03	0,30***	-0,04	0,02	-0,06
Þörf fyrir stuðning	-0,18	0,03	-0,15***	-0,17	0,03	-0,15***	0,07	0,02	0,10***
R ²		0,26			0,21			0,03	
F for change in R ²		77,22***			60,32***			7,89***	

* $p < 0,05$ ** $p < 0,01$ *** $p < 0,001$

Jákvæð námshegðun

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar sýndu að þátttaka og hvatning foreldra í námi barnsins, stuðningur kennara og þörf nemenda fyrir aukinn stuðning og ráðgjöf skólans skýrði 26% í heildardreifingu jákvæðrar námshegðunar að teknu tilliti til bakgrunns nemandans (kyns nemenda og menntunar foreldra), $R^2 = 0,26$, $F(7,1533) = 77,2$, $p < 0,001$. Eins og sjá má í töflu 4 spáðu allar rannsóknarbreyturnar að menntun undanskilinni marktækt fyrir um jákvæða námshegðun. Stelpur sýndu að jafnaði jákvæðari námshegðun en strákar að teknu tilliti til þess hve mikinn stuðning nemendur fengu frá foreldrum og skóla, þörf þeirra fyrir stuðning frá skóla og menntunar foreldra. Jafnframt kom fram að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta að nemendur sýndu að jafnaði jákvæðari námshegðun eftir því sem hvatning og þátttaka foreldra og stuðningur kennara var meiri, en minni jákvæða námshegðun eftir því sem þeir höfðu meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla.

Jákvæðar tilfinningar í garð skólans

Niðurstöður aðhvarfsgreiningar sýndu að þátttaka og hvatning foreldra í námi barnsins, stuðningur kennara og þörf nemenda á stuðningi og ráðgjöf skóla skýrði

21% í heildardreifingu jákvæðra tilfinninga í garð skóla $R^2 = 0,21$, $F(7,1522) = 66,3$, $p < 0,001$. Eins og sjá má í töflu 4 spáðu allar rannsóknarbreyturnar marktækt fyrir um jákvæðar tilfinningar í garð skólans fyrir utan hvatningu foreldra við námið í 10. bekk. Stelpur báru að jafnaði jákvæðari tilfinningar í garð skóla en strákar að teknu tilliti til stuðnings foreldra og kennara, þarfar fyrir stuðning frá skóla og menntunar foreldra. Að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta kom auk þess fram að nemendur sem áttu foreldra með háskólapróf voru að jafnaði jákvæðari í garð skóla samanborið við þá sem áttu foreldra með grunnskólapróf og að nemendur voru jákvæðari í garð skóla eftir því sem þátttaka og hvatning foreldra og stuðningur kennara var meiri en jákvæðnin fór minnkandi eftir því sem nemendur höfðu meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla.

Neikvæð skólahegðun

Samkvæmt niðurstöðum aðhvarfsgreiningar skýrðu þátttaka og hvatning foreldra í námi barnsins, stuðningur kennara og þörf á stuðningi og ráðgjöf skólans, að teknu tilliti til bakgrunns nemenda, einungis 3% í heildardreifingu neikvæðrar skólahegðunar, $R^2 = 0,03$, $F(7,1537) = 7,9$ $p < 0,001$. Kyn, þátttaka foreldra og þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf skóla spáðu marktækt fyrir um neikvæða skólahegðun en forspá menntunar foreldra, hvatningar foreldra í 10. bekk og stuðnings kennara var ómarktæk eins og sjá má í töflu 4. Að teknu tilliti til annarra rannsóknarbreyta sýndu strákar að jafnaði neikvæðari skólahegðun en stelpur og eftir því sem þátttaka og hvatning foreldra og stuðningur kennara var minni og þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf skólans meiri því neikvæðari hegðun sýndu þeir.

4. Umræður

Markmið þessarar rannsóknar var þríþætt. Í fyrsta lagi að kanna hvort þátttaka foreldra í námi barna sinna í framhaldsskóla, þ.e. hvort þeir sýndu áhuga á námi barns síns, ræddu skólann og námið við barnið og aðstoðuðu við heimanám ef þörf var á, og hvatning þeirra við nám nemenda í 10. bekk, ýtti undir skuldbindingu framhaldsskólanema í námi. Niðurstöður leiddu í ljós að því meiri þátt sem foreldrar taka í námi nemendanna og því meiri hvatningu sem þeir veita barni sínu við námið, því meiri hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu sýna nemendur í framhaldsskóla. Einnig bentu niðurstöður til þess að eftir því sem þátttaka foreldra er meiri í námi barna sinna því minni er neikvæð skólahegðun nemenda.

Í öðru lagi var kannað hvort aukinn stuðningur kennara við nemendur, það er hvort nemendum þætti auðvelt að tala við kennara sína, hvort umsjónarkennari þeirra fylgdist með námsgengi þeirra og hvort ljóst væri hvaða kröfur kennarar gerðu til þeirra, ýtti undir skuldbindingu nemenda. Niðurstöður benda til að tengsl séu á milli jákvæðrar námshegðunar nemenda (hegðunarleg skuldbinding) og jákvæðra tilfinninga í garð skólans (tilfinningaleg skuldbinding) og stuðnings kennara. Aftur á móti virðast ekki vera tengsl milli stuðnings kennara og neikvæðrar skólahegðunar (hegðunarleg skuldbinding).

Í þriðja lagi var athugað hvort þörf nemenda fyrir aukinn stuðning og ráðgjöf skólans benti til minni skuldbindingar nemenda. Niðurstöður gefa til kynna að því meiri þörf sem nemendur hafa fyrir stuðning og ráðgjöf því minni er jákvæð námshegðun þeirra og því minni eru jákvæðar tilfinningar þeirra í garð skóla. Aftur á móti benda niðurstöður rannsóknarinnar til að eftir því sem þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf skóla er meiri því meiri er neikvæð skólahegðun þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar styðja því þær tilgátur sem settar voru fram í upphafi.

Það eru mikil umskipti fyrir unglunga að færast úr grunnskóla í framhaldsskóla. Unglingarnir takast þar á við breytt umhverfi, nýtt námsefni, erfiðari heimavinnu og félagslegar breytingar eins og að eignast nýja vini. Á þessum árum slaknar oft á eftirfylgd og stuðningi foreldra auk þess sem skuldbinding nemenda minnkar gagnvart námi og skóla. Unglingarnir verða sjálfstæðari og erfiðara verður fyrir

foreldra að veita þeim það aðhald og þann stuðning sem þeir þurfa enn á að halda. Hætta er á að þeir unglingar sem eiga við einhvers konar vanda að stríða og sinni ekki náminu í framhaldsskóla hverfi frá námi. Slakur námsárangur strax í grunnskóla virðist auka líkur á að nemendur hverfi frá námi þegar í framhaldsskólann er komið og því er mikilvægt að beina sjónum að hugsanlegum brotthvarfsnemendum strax í grunnskóla. Það þarf að veita þeim faglegan stuðning á meðan á námi stendur í samvinnu við foreldra þar sem stuðningur foreldra er lykilþáttur í námi barnsins. Huga þarf að því hvort stundum sé einblínt frekar á slæma hegðun nemenda, sem birtist hjá nemendum sem eiga við námsörðugleika eða tilfinningalegan vanda að stríða, heldur en námsgengi þeirra. Berstein og Rulo (sjá Finn, 1989) benda á að með því að einblína á erfða hegðun nemenda en ekki hvernig hægt er að auka skilning þeirra á náminu, sé komið í veg fyrir að tekið sé á rót vandans.

Almennt má segja að eftir því sem nemendur upplifa að foreldrar þeirra taki meiri þátt í námi þeirra því meiri er jákvæð námshegðun nemenda. Einnig, að því meiri sem þátttaka foreldra í námi nemenda virðist vera því minni er neikvæð skólahegðun þeirra. Nemendur, sem eiga foreldra sem taka þátt í námi þeirra, skrópa síður í kennslustundum, fresta síður verkefnum og mæta betur undirbúnir í kennslustundir.

Slíkt hið sama má segja um jákvæðar tilfinningar nemenda í garð skóla. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir á þessu sviði (Caskey, 2008; Gonzalez-Dehass, Willems og Holbein, 2005) en niðurstöður þeirra benda til að skuldbinding nemenda til náms virðist aukast eftir því sem þátttaka foreldra í námi barna sinna er meiri og eftir því sem tengsl foreldra við skólann eru meiri. Jafnframt sýna þessar rannsóknir að metnaður foreldra gagnvart námi barna sinna virðist hafa tengsl við tilfinningalega skuldbindingu nemenda til náms (Gonzalez, 2006).

Mikilvægt er að tryggja eftirfylgni með nemendum í framhaldsskóla til að reyna að sporna við því að þeir hverfi úr námi en skortur á stuðningi virðist geta ýtt undir brotthvarf nemenda. Stuðningur foreldra skiptir nemendum miklu máli og því er vert að skoða hvort hægt væri að leiðbeina foreldrum nemenda strax í grunnskóla og fyrstu tvö árin í framhaldsskóla til að styðja enn betur við bakið á þeim. Fram kemur í skýrslu OECD (2004b) að mikilvægt sé í baráttunni við brotthvarf að virkja betur alla þá sem koma að nemendum og þetta þannig

stuðningsnetið í kringum þá. Efla þarf teymisvinnu náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum þar sem áhersla væri á þá nemendur sem líklegir væru til þess að hverfa frá námi. Þáttur náms- og starfsráðgjafa hefur mikla þýðingu og brýnt er að þeir hafi svigrúm til að sinna þörfum ólíkra nemenda á öllum skólastigum. Löggilding starfs náms- og starfsráðgjafa ætti að svara kalli OECD um mikilvægi þess að menntaðir náms- og starfsráðgjafar sinni brotthvarfsnemendum í framhaldsskólum (Lög um náms- og starfsráðgjafa, 136/2009) en fjöldi ráðþega á hvern náms- og starfsráðgjafa er mikill og hætta er á að stór hluti nemenda fái ekki ráðgjöf við hæfi ef heldur áfram sem horfir (Menntamálaráðuneytið, 2007; Alþingi 2008a; OECD, 2004b).

Gildi hvatningar í námi verður seint ofmetið. Eins og Hoover-Dempsey og Sandler (1995) benda á getur hrós ýtt undir að nemendur haldi áfram að gera eins vel og þeir geta og virðist því hafa jákvæð áhrif. Hvatning foreldra við námið í 10. bekk virðist hafa tengsl við jákvæða námshegðun, það er að segja því meiri hvatningu sem nemendur fá frá foreldrum sínum við námið í 10. bekk því meiri er þátttaka þeirra í náminu og er það í samræmi við aðrar rannsóknir. Í rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) á árgangi fæddum árið 1975 kemur fram að þrír af hverjum fjórum aðspurðra telja sig hafa fengið nokkra eða mikla hvatningu við nám í gunnskóla frá foreldrum sínum. Stór hluti þeirra nemenda sem telja sig hafa fengið litla hvatningu frá foreldrum sínum höfðu ekki lokið námi í framhaldsskóla 24 ára, en einungis lítill hluti þeirra sem telja sig fá mikla hvatningu frá foreldrum sínum.

Í rannsókn Ernu G. Árnadóttur (2007) kemur fram að unglingar í framhaldsskóla vilja fá hrós frá foreldrum sínum og hafa þörf fyrir hvatningu. Sjálfsmýnd þeirra styrkist við hrós og hvetur þá til að gera betur. Gerður G. Óskarsdóttir (1993) kemst að því í sinni rannsókn að hvatning til náms sé mjög mikilvæg. Gott er að foreldrar átti sig á því að hvatning, meðan á námi stendur, getur skipt sköpum um það hvernig unglíngum gengur í námi. Hvatning foreldra við námið í 10. bekk virðist þó einskorðast við námslega þætti, því niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að hvatningin hafi hvorki tengsl við neikvæða skólahegðun né jákvæðar tilfinningar nemenda í garð skóla. Á þessum mikilvægu tímum í lífi unglínganna er mikilvægt að foreldrar komi til móts við breyttar þarfir barns síns, sem nú er orðinn unglíngur en hefur enn þörf fyrir hvatningu og stuðning.

Tengsl eru á milli stuðnings kennara og jákvæðrar námshegðunar nemenda. Eftir því sem stuðningur kennara er meiri þeim mun jákvæðari námshegðun sýna nemendur, þeir taka betur eftir í kennslustundum og leggja meira á sig í náminu. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fleiri rannsókna sem benda til að stuðningur kennara hafi tengsl við hegðunarlega skuldbindingu nemenda. Rannsóknir benda til þess að kennarar taki nemendur sem standa sig vel námslega og fara að reglum skólans, fram yfir nemendur sem eru með truflandi hegðun (sjá Fredricks o.fl., 2004; Furlong og fleir, 2003; Klem og Connell, 2004; Skinner og Belmont, 1993). Einnig benda niðurstöður rannsóknarinnar til tengsla á milli jákvæðra tilfinninga nemenda í garð skólans og stuðnings kennara, en jákvæðar tilfinningar nemenda í garð skólans virðast aukast eftir því sem stuðningur kennara er meiri. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir (Brewster og Bowen, 2004; sjá Fredricks o.fl., 2004). Skinner og Belmont (1993) komust til að mynda að því að stuðningur kennara virðist hafa tengsl við tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Eftir því sem nemendur upplifa að kennarar hlusti á þá og hvetji áfram því ánægðari virðast nemendur vera með skólann sinn og því betur virðist þeim líða í skólanum.

Svo virðist sem jákvæð námshegðun fari minnkandi eftir því sem nemendur hafa meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf. Þannig taka nemendur sem hafa meiri þörf fyrir stuðning síður eftir í kennslustundum, taka ekki eins virkan þátt í kennslustundum og leggja ekki eins mikið á sig í náminu. Rannsóknir benda til að hefðbundið inngrip kennara dugi vart lengur til við að halda nemendum við námið. Í framhaldsskóla eru gerðar meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda á náminu eykst. Þá reynir á að geta skipulagt sig vel. Náms- og starfsráðgjafar geta aðstoðað nemendur sem hafa þörf fyrir stuðning og ráðgjöf við skipulag og vinnubrögð í námi þannig að þeir haldist betur að verki og tengist námi sínu betur. Líkur eru á að hegðunarleg skuldbinding nemenda aukist við að fá stuðning og ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa og námsgengi þeirra batni að sama skapi (Scheel og Gonzalez, 2007; Sciarra og Seirup, 2008).

Eftir því sem nemendur hafa meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skólans, því meiri er neikvæð skólahegðun þeirra. Þannig koma nemendur sem hafa þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skólans oftast seint í kennslustundir, skrópa frekar í kennslustundum og fresta frekar verkefnum fram á síðustu stundu. Skortur á stuðningi og ráðgjöf eru vafalaust þættir sem geta haft áhrif á að nemendur hverfi

frá námi. Mikilvægt er að nemendur leiti sér aðstoðar náms- og starfsráðgjafa og fjölskyldu sinnar þegar brotthvarf er yfirvofandi. Rumberger (1987) bendir á að nemendur, sem hafi horfið frá námi, leituðu ekki aðstoðar fagaðila innan skólans áður en ákvörðun um að hverfa frá námi var tekin.

Nemendur, sem hafa hvað mesta þörf fyrir stuðning og ráðgjöf, ættu að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Þeir geta veitt nemendum aðhald varðandi mætingu og ráðgjöf um vinnubrögð þannig að þeir nái betur að sinna náminu og haldist frekar í skóla. Með persónulegri ráðgjöf geta náms- og starfsráðgjafar hjálpað nemendum að sjá fyrir afleiðingar hegðunar sinnar og þannig hjálpað þeim að draga úr neikvæðri skólahegðun sinni (Sciarra og Seirup, 2008; Whiston og Quinby, 2011).

Einnig kemur fram að eftir því sem nemendur hafa meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf skólans því minni eru jákvæðar tilfinningar þeirra í garð skólans. Náms- og starfsráðgjafar geta sinnt þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf og aðstoðað þá svo þeir tengist skólanum sínum frekar og líði betur. Í námi náms- og starfsráðgjafa er lögð áhersla á að þeir aðstoði nemendur við að tileinka sér jákvæð viðhorf til náms og skóla, hafi jákvætt samband sín á milli og við kennara skólans. Náms- og starfsráðgjafar eru því í lykilstöðu við að hjálpa nemendum að auka tilfinningalega skuldbindingu sína (Sciarra og Seirup, 2008; Kenny og fleiri, 2006). Segja má að skólinn sé eins og annað heimili nemenda. Því er líklegra að ef nemendur eru vel tengdir skólanum sínum séu meiri líkur á að þeir klári skólann. Ef skuldbinding nemenda gagnvart skólanum verður meiri verða tengslin við skólann betri að sama skapi. Ef nemendur hafa samsvarað sig gildum skólans skiptir síður máli hvort þeir standi sig vel námslega eða ekki eða séu sterkir félagslega eða ekki, þeir eru líklegri til að klára skólann og útskrifast.

Rannsóknir benda að auki til þess að nemendur sem eru meðvitaðir um hvert þeir stefna hafa jákvæðari viðhorf gagnvart skóla og eru skuldbundnari náminu en aðrir nemendur (Lapan, 2004; Whiston og Quinby, 2011; Scheel og Gonzalez, 2007). Samkvæmt rannsóknum eiga þeir nemendur sem fengið hafa náms- og starfsfræðslu á skólagöngu sinni auðveldara með að taka ákvörðun um framtíð sína (Guðbjörg Vilhjálmstöttir, 2000).

Stelpur virðast líklegri en strákar til að sýna jákvæða námshegðun og bera jákvæðar tilfinningar í garð skóla. Strákar virðast aftur á móti líklegri en stelpur til að sýna neikvæða skólahegðun. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður

annarra rannsókna þar sem fram kemur að strákar eru ekki eins skuldbundnir námi sínu og stelpur og sýna oftar neikvæða skólahegðun (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012). Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur (1999) á stöðu stelpna og stráka í skóla og utan hans leiðir í ljós að viðhorf stráka til skóla er almennt neikvæðara en stelpna. Hærra hlutfall stráka en stelpna finnst námið ekki hafa tilgang og finna fyrir námsleiða. Einnig kemur fram að strákar leita síður en stelpur eftir stuðningi foreldra sinna.

Foreldrar virðast að jafnaði taka meiri þátt í skólagöngu stelpna í framhaldsskóla og hvetja þær meira við námið í 10. bekk en foreldrar stráka. Ivan og Cristei (2011) hafa til að mynda bent á að þátttaka foreldra í námi barna sinna virðist tengjast því að stelpur fái meiri aðstoð við heimanám en strákar og standi sig betur í skóla. Einnig kemur fram í rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur (1999) að foreldrar virðast fylgjast betur með stelpum en strákum þegar kemur að aðstoð við námið.

Á hinn bóginn telja fleiri strákar en stelpur að þeir þurfi stuðning frá kennurum sínum og virðast þeir einnig hafa meiri þörf fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla. Strákar virðast oftar sýna neikvæða skólahegðun en stelpur og þurfa frekar á aðstoð að halda frá náms- og starfsráðgjöfum við skipulag og vinnubrögð við námið. Rannsóknir benda til að stelpur og strákar meti stuðning kennara ekki á sama hátt. Kennarar virðast oftar þurfa að hafa afskipti af strákum vegna neikvæðrar skólahegðunar, það er þeir lenda oftar í árekstrum við kennara skólans og því virðist sem strákum finnist kennarar þeirra ekki sýna þeim jafn mikinn stuðning og stelpum. Strákar sýna almennt ekki eins góðan námsárangur og stelpur. Stuðningur kennara virðist þó vera til hagsbóta fyrir bæði kynin (Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1999; Brewster og Bowen, 2004; Ivan og Cristei, 2011). Rannsókn Caskey (2008) bendir hins vegar til þess að ekki sé munur á skuldbindingu nemenda til náms eftir því hvort um er að ræða stelpur eða stráka.

Niðurstöður þessar eru athyglisverðar ef þær eru settar í samhengi við þá þætti sem ýta undir brotthvarf og gætu skýrt að hluta til þann mun sem er á milli kynjanna þegar kemur að brotthvarfi úr framhaldsskóla þar sem strákar eru í meirihluta þeirra sem hverfa frá námi. Það má því velta því fyrir sér hvort framhaldsskólarnir séu að koma til móts við stóran hóp stráka sem ekki finna sig í skóla og hætta án þess að ljúka námi.

Menntun foreldra virðist hafa tengsl við jákvæðar tilfinningar í garð skóla en ekki við jákvæða námshegðun og neikvæða skólahegðun. Nemendur sem eiga foreldra með háskólapróf hafa að jafnaði jákvæðari tilfinningar í garð skólans en nemendur sem eiga foreldra með grunnskólapróf. Það kemur á óvart hve skuldbinding nemenda virðist tengjast lítið menntun foreldra. Rannsóknir benda til að eftir því sem menntun foreldra er meiri því meiri líkur eru á að nemendur ljúki námi í framhaldsskóla (Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002; Rumberger, 1987). Þar sem lítt stuðningur foreldra sem og lágt menntunarstig þeirra er talið geta ýtt undir brotthvarf nemenda í framhaldsskólum styrkir það enn frekar þá stefnu stjórnvalda að hækka menntunarstig þjóðarinnar á næstu árum en gera má ráð fyrir að slíkar aðgerðir hafi víðtæk áhrif á samfélagið í heild (Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, 2003; OECD, 2007).

Gera má ráð fyrir að foreldrar með langa skólagöngu að baki hafi liðið vel í skóla og tali almennt jákvætt um nám og skóla og hugi vel að líðan barna sinna í skóla. Í rannsókn Ivan og Cristei (2011) virðist menntun móður hafa áhrif á frammistöðu nemenda í skóla. Eftir því sem menntun móður er meiri því meiri er árangur nemenda í skóla. Fram kemur að foreldrar með grunnskólamenntun virðast frekar telja það skyldu sína að aðstoða nemendur við heimanám en foreldrar með háskólapróf og kemur það á óvart. Enginn munur er á aðstoð foreldra við heimanám með framhaldsskólapróf og foreldra með háskólapróf. Ástæðan fyrir þessu gæti verið sú að foreldrar nemenda með háskólapróf telji að börn þeirra eigi að sýna sjálfstæði og treysta á eigin getu þegar kemur að heimanámi. Talið er að foreldrar með framhaldsmenntun eigi auðveldara með að hvetja börn sín áfram í námi vegna reynslu sinnar (Anguiano, 2004). Af þessu mætti ætla að foreldrar með háskólapróf teldu frekar en þeir sem eru með grunnskólapróf að stuðningur þeirra skipti máli fyrir barn þess. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á tengslum milli menntunar foreldra og skólagöngu barna þeirra. Börn menntaðra foreldra fara síðar út á vinnumarkaðinn en börn ómenntaðra foreldra (Anguiano, 2004; Gerður G. Óskarsdóttir, 1993; Piquart, Juang og Silbereisen, 2004; Rumberger, 1995).

Þær athyglisverðu niðurstöður komu fram að þó tengsl hafi komið fram á milli stuðnings kennara og jákvæðrar námshegðunar og jákvæðra tilfinninga í garð skóla er ekki hægt að segja það sama um neikvæða skólahegðun. Ekki komu fram

tengsl á milli stuðnings kennara og neikvæðrar skólahegðunar. Niðurstöður þessar koma á óvart og þarfnast frekari skoðunar. Það má velta því fyrir sér hvort sá stuðningur sem hér er verið að skoða sé ekki sá stuðningur sem nýtist til að draga úr erfiðri hegðun? Þörf er á frekari rannsóknum varðandi stuðning kennara og neikvæða skólahegðun.

Ekki er langt síðan framhaldsskólanemendur urðu samkvæmt lögum í forsjá foreldra sinna fyrstu tvö árin í framhaldsskóla. Það má því segja að bæði heimili og skóli séu enn að aðlagast þeim samfélagslegu breytingum sem hækkun sjálfræðisaldurs hefur í för með sér. Fólk er enn að átta sig á mikilvægi þess að samband heimila og framhaldsskóla sé virkt en í almennum hluta aðalnámsskrár framhaldsskóla frá 2008 er talað um gagnkvæmt upplýsingastreymi og samstarf. Samstarf hefur þó aukist til muna eftir að sjálfræðisaldur hækkaði í 18 ár og frumkvæði foreldra að samstarfi hefur einnig aukist (Elín Thorarensen, 2004).

Augljóst er að stuðningur foreldra skiptir sköpum á þeim tímamótum þegar unglingar hefja nám í framhaldsskóla. Skólaskyldu er lokið og þeir sjálfir ákveða hvort og hvenær þeir fara í frekara nám. Námið er á þeirra ábyrgð. Miklar breytingar eru fram undan í lífi þeirra og þroskaskrefin mörg. Þeir þurfa því stuðning foreldra sinna sem aldrei fyrr. Eins þurfa foreldrar leiðsögn og fræðslu um hvernig þeir geta stutt sem best við bakið á unglungunum sínum í náminu. Þess vegna er virkt samband heimila og skóla svo mikilvægt, með góðu sambandi verður skólaganga unglinganna sem farsælust.

Segja má að stuðningur foreldra virðist ýta undir skuldbindingu óháð því hve mikla þörf nemendur virðast hafa fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla. Að sama skapi virðist þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf skóla ýta undir skuldbindingu nemenda óháð því hve mikinn stuðning nemendur fá heima fyrir. Stuðningur kennara virðist svo ýta undir skuldbindingu nemenda óháð því hvort nemendur fá mikinn eða lítinn stuðning heima fyrir og því má segja að allt vinni þetta saman.

Vert er að huga að heildrænni náms- og starfsráðgjafaráætlun í stefnumótun næstu ára og leggja þannig grunn að því að vinna markvisst með nemendum á öllum skólastigum. Náms- og starfsráðgjafar sinna fyrirbyggjandi starfi og veita persónulegan stuðning og ráðgjöf sem miðar að því að styrkja nemendur í að taka vel upplýstar ákvarðanir um nám og störf alla ævi. Samvinna foreldra, kennara og náms- og starfsráðgjafa er að mínu mati lykilþáttur í velgengni nemenda.

5. Lokaorð

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að athuga hvort aukin þátttaka foreldra í námi barna sinna, hvatning þeirra við námið í 10. bekk og stuðningur kennara ýtti undir hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Einnig var kannað hvort þörf nemenda fyrir aukinn stuðning og ráðgjöf frá skóla benti til minni skuldbindingar nemenda. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að stuðningur foreldra og skóla ýti undir hegðunarlega og tilfinningalega skuldbindingu nemenda. Því meiri þörf sem nemendur hafa fyrir stuðning og ráðgjöf skólans, því minni er skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða stelpur eða stráka. Jafnframt virðist sem stelpur sýni að jafnaði jákvæðari námshegðun og jákvæðari tilfinningar í garð námsins en strákar. Strákar virðast aftur á móti sýna neikvæðari skólahegðun en stelpur.

Ekki er um langtímarannsókn að ræða og því verður að fara varlega í ályktanir um orsakasamhengi. Niðurstöður þessarar rannsóknar eru þó í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna og því mikilvægt skref í rannsóknum á stuðningi og hvatningu foreldra, stuðningi kennara og þörf nemenda fyrir stuðning og ráðgjöf frá skóla og hvernig slíkur stuðningur getur aukið skuldbindingu nemenda. Næsta skref er að gera sambærilega rannsókn og skoða frekar hvernig stuðningur kennara, getur hjálpað nemendum með neikvæða skólahegðun að auka skuldbindingu sína. Svo virðist sem aðrir þættir en námslegir þættir skýri neikvæða skólahegðun nemenda. Forvitnilegt væri að rannsaka frekar samvinnu foreldra, kennara og náms- og starfsráðgjafa og hvernig sú samvinna gæti aukið skuldbindingu nemenda til náms.

Þar sem sjálfræðisaldurinn hefur hækkað í 18 ár bera foreldrar ábyrgð á velferð nemenda fyrstu tvö árin í framhaldsskóla. Ungmenni á aldrinum 16 -18 ára þurfa á stuðningi foreldra og kennara að halda á þessum tímamótum þar sem þau eru að fóta sig í nýju umhverfi. Brotthvarf er enn mikið fyrstu tvö árin í framhaldsskóla og því getur stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í námi barna sinna skipt sköpum og hjálpað nemendum sem standa höllum fæti að halda áfram námi og ljúka skóla. Þörf nemenda á stuðningi og ráðgjöf skólans tengist skuldbindingu nemenda. Nemendur sem leita aðstoðar náms- og starfsráðgjafa eru ekki eins skuldbundnir námi sínu. Það er hlutverk náms- og starfsráðgjafa í

framhaldsskólum að liðsinna nemendum sem eru í brotthvarfshættu og veita þeim stuðning og ráðgjöf. Heimili og skóli þurfa að taka höndum saman og eiga góð samskipti, enda verða unglingar fyrir áhrifum, bæði að heiman og í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar gegna þýðingarmiklu hlutverki í samstarfi heimilis og skóla. Foreldrar leita í auknum mæli til náms- og starfsráðgjafa eftir stuðningi og ráðgjöf með það að markmiði að aðstoða börn sín í námi. Til þess að nemendum gangi vel í námi virðast þeir þurfa að vera skuldbundnir námi sínu upp að ákveðnu marki.

Vonast er til að niðurstöður rannsóknarinnar nýtist bæði foreldrum, framhaldsskólakennurum og náms- og starfsráðgjöfum í starfi og stuðli að árangri og betri líðan framhaldsskólanema í námi og starfi. Samvinna foreldra, kennara og náms- og starfsráðgjafa er mikilvæg fyrir nemendur og getur veitt þeim stuðning í námi sínu. Nemendur vilja fá stuðning og ráðgjöf frá foreldrum og kennurum og geta leitað stuðnings og ráðgjafar náms- og starfsráðgjafa, hafi þeir þörf fyrir slíkan stuðning.

Heimildaskrá

- Adelman, H. (2002). School counselors and school reform: New directions. *Professional School Counseling, 5*, 235-248.
- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Alexander, K. L., Entwisle, D. R., & Kabbani, N. S. (2001). The dropout process in life course perspective. Early risk factors at home and school. *Teachers College Record, 103*(5), 760-822.
- Alþingi. (2008a). *Skýrsla um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfalli nemenda*. Sótt 27. apríl af: <http://www.althingi.is/altext/136/s/0353.html>
- Amatea, E. S., Daniels, H., Bringman, N., Vandiver, F. M. (2004). Strengthening CounselorTeacher-Family Connections: The Family-School Collaborative Consultation Project. *Professional-School Counseling 8*(1), 47-55.
- American School Counselor Association. (2009). Role of the school counselor. Sótt 25. febrúar 2012 af <http://www.schoolcounselor.org/content.asp?pl=327&s1=341&contentid=341>
- Anguiano, R. P. V. (2004). Families and schools. The effect of parental involvement on high school completion. *Journal of Family Issues, 25*(1), 61-85.
- Archambault, I., Janosz, M., Fallu, J. S., & Pagani, L. S. (2009). Student engagement and its relationship with early high school dropout. *Journal of Adolescence, 32*(3), 651-670.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.*

- Bemak, F., og Cornely, L. (2002). The SAFI model as a critical link between marginalized families and schools: A literature review and strategies for school counselors. *Journal of Counseling and Development*, 80, 322-331.
- Brewster, A. B., og Bowen, G. L. (2004). Teacher Support and the School Engagement of Latino Middle and High School Students at Risk of School Failure. *Child and Adolescent Social Work Journal*, 21(1), 47-67.
- Caskey M. M. (2008). Parents' Relationships and Involvement: Effects on Students' School Engagement and Performance. *National Middle School Association* 31(10), 1-11.
- Coleman, J. S. (1987). Families and Schools. *Educational Researcher*, 16, 32-38.
- Connell, J. P., & Welborn, J. G. (1991). Competence, Autonomy, and Relatedness: A motivational analysis of self-system processes. In M. Gunnar & L. A. Sroufe (Eds.), *Minnesota Symposium on Child Psychology* (Vol. 23). Chicago: University of Chicago Press.
- Council for Accreditation of Counseling & Related Educational Programs. (2009). Sótt 26. febrúar 2012 af: <http://www.cacrep.org/2009standards.html>
- Creed, P., Tilbury, C., Buys, N., Crawford, M. (2011). The Career aspirations and action behaviors of Australian adolescents in out-of-home-care. *Children of Youth Services Review*, 33, 1720-1729.
- Dimmitt, C. (2007). The Real Game evaluation results. Washington, DC: America's Career Resource Network. Sótt 3. apríl af: http://californiacareers.info/downloads/FinalReport_RG_Evaluation.pdf
- Croninger, R. G. og Lee, V. E. (2001). Social capital and dropping out of school: Benefits to at-risk students of teachers' support and guidance. *Teachers College Record*, 103, 548-581.

- Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Elín Thorarensen. (1998). Samstarf heimila og framhaldsskóla: Umfang og viðhorf nemenda, foreldra og kennara. *Uppeldi og menntun – tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 7, 23-36.
- Elín Thorarensen. (2004). *Staða samstarfs heimila og framhaldsskóla á Íslandi í upphafi 21. aldar*. Sótt 22. janúar 2012 af http://www.heimiliogskoli.is/foreldrasamstarf/framhaldsskolar/103_elint_framhaldsskolarogforeldrar.pdf
- Epstein, J. L., (1995). School family community partnerships. *Phi Delta Kappan*, 76(9), 701-712.
- Epstein, J. L. (2001). *School, family and community partnerships: Preparing educators and improving schools*. Boulder, CO: Westview Press.
- Epstein, J. L., Sheldon, S. B. (2006). Present and accounted for: Improving student attendance through family and community involvement. *Journal of Educational Research*, 95, 308-318.
- Epstein, J. L., Van Voorhis, F. L. (2010). School Counselors' Roles in Developing partnerships with Families and Communities for Student Success. *Professional School Counseling*, 14(1), 1-14.
- Erna G. Árnadóttir. (2007). *Stuðningur foreldra við nám framhaldsskólanema: Hvað vilja unglíngarnir sjálfir?* Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- European Commission Directorate General for Education and Culture (DG EAC) (2005). *Study on Access to Education and Training, Basic Skills and Early School Leavers (Ref. DG EAC 38/04). Lot 3: Early School leavers*. Final Report. Sótt 7. febrúar 2012 af <http://ec.europa.eu/education/doc/reports/doc/earlyleave.pdf>
- Fan, X. (2001). Parental Involvement and Students' Academic Achievement: A Growth Modeling Analysis. *Journal of Experimental Education*, 70(1), 27-61.
- Fan, X. og Chen, M. (2001). Parental Involvement and Students' Academic Achievement: A Meta-Analysis. *Journal of Experimental Psychology Review*, 13(1), 1-22.
- Félag náms- og starfsráðgjafa. (2007, 30. mars). *Félag náms- og starfsráðgjafa og Heimili og skóli*. Sótt 3. febrúar 2012 af <http://www.fns.is/full.php?id=326&pagetype=frettir&offset=6&page=2>
- Finn, J. D. (1989). Withdrawing from school. *Review of Educational Research*, 59(2), 117-142.
- Finn, J. D. (1993). *School Engagement and students at risk*. Washington, DC: National Center for Education Statistics.
- Finn, J. D., og Voelkl, K. E. (1993). School characteristics related to student engagement. *Journal of Negro Education*, 62, 249-268.
- Finn, J. D., & Rock, D. A. (1997). Academic success among students at risk for school failure. *Journal of Applied Psychology*, 82, 221-234.
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C., & Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, State of evidence. *Review of Educational Research*, 74, 59-109.

- Furlong, M. J., Whipple, A. D., Jean, G. St., Simental, J., Soliz, A., og Punthana, S. (2003). Multiple Contexts of School Engagement: Moving Toward a Unifying Framework for Educational Research and Practice. *The California School Psychologist*, 8, 99-113.
- Furrer, C. og Skinner, C. (2003). Sense of relatedness as a factor in children's academic engagement and performance. *Journal of Educational Psychology*, 95, 148-162.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1993). Hætt í skóla: Nám og aðstæður nemenda sem hætta í skóla eftir tvö ár í framhaldsnámi eða fyrr. *Uppeldi og menntun*, 2(1), 53-67.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (1995). *The forgotten half*. University Press. Social Science Research Institute.
- Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Glanville, J. L., og Wildhagen, T. (2007). The measurement of school engagement: Assessing dimensionality and measurement invariance across race and ethnicity. *Educational and Psychological Measurement*, 67(6), 1019-1041.
- Gonzalez, A. L. (2006). The Relation Between Perceived Parenting Practices and Achievement Motivation in Mathematics. *Journal of Research on Childhood Education*, 21(2), 203-217.
- Gonzalez-DeHass, A. R., Willems, P. P., og Holbein, M. F. D. (2005). Examining the Relationship Between Parental Involvement and Student Motivation. *Educational Psychology Review*, 17(2), 99-123.

Griffin, B. W. (2002). Academic disidentification, race and high school dropouts. *The High School Journal*, April/May 2002, 71-81.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2000). Skilar náms- og starfsfræðsla árangri? Árangursmat á náms- og starfsfræðslu í 10. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 9, 37-56.

Hagstofa Íslands (2010). Talnaefni, framhaldsskólinn. Sótt 3. mars 2012 af: <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal/Framhaldsskolar>

Hoover-Dempsey, K. V. og Sandler H. M. (1995). Parental involvement in children's education: Why does it make a difference? *Teachers College Record*, 97(2), 310-331.

House, R., og Sears, S. (2002). Preparing school counselors to be leaders and advocates: A critical need in the new millennium. *Theory Into Practice*, 41(3), 26-34.

Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1999). Staða pílta og stúlkna í skóla og utan hans. *Samfélagstíðindi*, 17, 39-60.

Ivan, C., Cristei, A. (2011). Parental Involvement as a Key-Determinant for Equal Educational Chances: Evidence from Seven South Eastern European Countries. *Revista de cercetare si interventie sociala*, 34, 73-114.

Jackson, C., Snow, B., Boes, S., Phillips, P., Stanard, R., Painter, L., og Wulff, M. (2002). Inducting the transformed school counselor into the profession. *Theory Into Practice*, 41(3), 19-25.

Jón Torfi Jónasson og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir. (1992). *Námsferill í framhaldsskóla*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu 75 árgangsins til náms*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfa.
- Kampwirth, T. J. (2003). *Collaborative consultation in the schools: Effective practices for students with learning and behavior problems* (2. útg.). Upper Saddle River, NJ: Merrill/Prentice Hall.
- Kenny, M. E., Blustein, D. L., Haase, R. F., Jackson, J., og Perry, J. C. (2006). Setting the Stage: Career Development and the Student Engagement Process. *Journal of Counseling Psychology*, 53(2), 272-279.
- Klem, A. S., og Connell, J. P. (2004). Relationship Matter: Linking Teacher Support to Student Engagement and Achievement. *Journal of School Health*, 74(7), 262-273.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2009). Parenting Practices and School Dropout: A Longitudinal Study. *Adolescence*, 44(176), 729-749.
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir (2012). Student Disengagement in Relation to Expected and Unexpected Pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 51(1), 85-100.
- Lapan, R. T. (2004). *Career development across the K-16 years: Bridging the present to satisfying and successful futures*. Alexandria, VA: American Counseling Association.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.*
- Lög um náms- og starfsráðgjafa nr. 136/2009.*
- Lögræðislög nr. 71/1997.*

- Marks, H. M. (2000). Student engagement in instructional activity: Patterns in the elementary, middle, and high school years. *American Educational Research Journal*, 37, 153-184.
- Martin, P. J. (2002). Transforming school counseling: A national perspective. *Theory Into Practice*, 41(3), 12-18.
- McNeal, R. B. (1999). Parental involvement as social capital: Differential effectiveness on science achievement, truancy and dropping out. *Social Forces*, 78(1), 117-144.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). Náms- og starfsráðgjöf. Skýrsla starfshóps. Sótt 25. apríl 2012 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/tiuskref>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010). *Mótun stefnu um nám alla ævi. Þróun menntastefnu á Íslandi í evrópsku samhengi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Murray, C. (2009). Parent and Teacher Relationships as Predictors of School Engagement and Functioning Among Low-Income Urban Youth. *The Journal of Early Adolescence*, 29, 376-404.
- National Educational Goals panel. (1999). *The national educational goals report: Building a nation of learners*.
- Newmann, F. (1981). Reducing student alienation in high schools: Implications of theory. *Harvard Educational Review*, 51, 546-564.
- Newmann, F., Wehlage, G. G., & Lamborn, S. D. (1992). The significance and sources of student engagement. In F. Newmann (Ed.), *Student engagement and achievement in American secondary schools* (pp. 11-39). New York: Teachers College Press.

- OECD. (2004b). *Career guidance. A handbook for policy makers*. Sótt 13. apríl 2012 af: <http://www.oecd.org/dataoecd/53/53/34060761.pdf>
- OECD. (2005). *Education at a Glance. OECD Indicators 2005*. Paris: OECD.
- Pinquart, M., Juang, L. P., og Silbereisen, R. K. (2004). The role of self-efficacy, academic abilities, and parental education in the change in career decisions of adolescents facing German unification. *Journal of Career Development, 31*(2), 125-142.
- Rosenfeld, L. B., Richman, J. M., og Bowen, G. L. (2000). Social Support Networks and School Outcomes: The Centrality of the Teacher. *Child and Adolescent Social Work Journal, 17*(3), 205-226.
- Rumberger, R. W. (1987). High school dropouts: A review of issues and evidence. *Review of Educational Research, 57*, 101-121.
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal, 32*(3), 583-625.
- Rumberger, R. W. (2004). Why students drop out of school: In G. Orfield (Ed.), *Dropout in America* (pp. 131-155). Cambridge, MA: Harvard Educational Press.
- Rumberger, R. W., og Lamb, S. P. (2003). The early employment and further education experiences of high school dropouts: A comparative study of the United States and Australia. *Economics of Education Review, 22*(4), 353-366.
- Rumberger, R. W., og Thomas, S. L. (2000). The distribution of dropout and turnover rates among urban and suburban high schools. *Sociology of Education, 73*(1), 39-69.

- Scheel, M. J., Gonzalez, J. (2007). An Investigation of a Model of Academic Motivation for School Counseling. *Professional School Counseling, 11*(1), 49-56.
- Schulz, L. L. (2011). Targeting School Factors that Contribute to Youth Alienation: Focused School Counseling Programs. *Journal of Instructional Psychology, 38*(2), 75-83.
- Sciarra, D. T., Seirup, H. J. (2008). The Multidimensionality of School Engagement and Math Achievement Among Racial Groups. *Professional School Counseling, 11*(4), 218-228.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir, 2*, 11-23.
- Skinner, E. A., & Belmont, M. J. (1993). Motivation in the classroom: Reciprocal effect of teacher behavior and student engagement across the school year. *Journal of Educational Psychology, 85*, 571-581.
- Spera, C. (2005). A review of the relationship among parenting practices, parenting style, and adolescent school achievement. *Educational Psychology Review, 17*(2), 125-146.
- Steinberg, L. (2001). We know some things: Parent-adolescent relationships in retrospect and prospect. *Journal of research on adolescence, 11*(1), 1-19.
- Taylor, L., og Davis, T. (2009). Promoting parent involvement, part 1. Guidance Channel Ezine. Sótt 25. febrúar 2012 af: www.guidancechannel.com
- Walker, J. M. T., Shenker, S. S., og Hoover-Dempsey, K. V. (2010). Why Do Parents Become Involved in Their Children's Education? Implications for School counselors. *Professional School Counseling, 14*(1), 27-41.

Voelkl, K. E. (1997). Identification with school. *American Journal of Education*, 105, 204-319.

Wehlage, G. G., Rutter, R. A., Smith, G. A., Lesko, N. L., og Fernandez, R. R. (1989). *Reducing the risk: Schools as communities of support*. Philadelphia: Farmer press.

Whiston, S. C., Quinby, R. F. (2011). Outcomes research on school counseling interventions and programs. Í B. T. Erford (Ed.), *Transforming the school counseling profession* (pp.58-69). Upper Saddle River, NJ: Person Education.

White, S. W., og Kelly, F. D. (2010). The School Counselor's Role en School Dropout Prevention. *Journal of Counseling & Development*, 88, 227-235.

Viðaukar

Viðauki 1. Niðurstöður þáttgreiningar á stuðning kennara og þátttöku foreldra í námi barna sinna

Tafla I.

Niðurstöður þáttgreiningar á stuðning kennara og þátttöku foreldra í námi barna sinna

	Páttur 1	Páttur 2
Stuðningur kennara		
Kennarar mínir leggja sig fram um að nemendur nái árangri: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?	0,80	
Kennarar mínir vænta mikils af öllum nemendum: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?	0,69	
Það er ljóst hvaða kröfur kennarar mínir gera til nemenda: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?	0,67	
Mér finnst auðvelt að tala við kennarana mína: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?	0,54	
Umsjónarkennarinn minn fylgist vel með hvernig mér gengur í skólanum: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?	0,41	
Þátttaka foreldra í námi barna sinna		
Foreldrar mínir sýna því áhuga sem ég er að læra í skólanum: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig og foreldra þína?		0,80
Ég ræði skólann og nám mitt við foreldra mína: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig og foreldra þína?		0,67
Ef ég þarf aðstoð við heimanám get ég leitað til foreldra minna: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig og foreldra þína?		0,56

Hleðslur undir 0,3 eru ekki birtar í töflunni

Viðauki 2. Niðurstöður þáttagreiningar á skuldbindingu gagnvart námi og skóla og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf

Tafla II.

Niðurstöður þáttagreiningar á skuldbindingu gagnvart námi og skóla og þörf fyrir stuðning og ráðgjöf

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3	Þáttur 4
Jákvæð námshegðun				
Ég tek vel eftir í kennslustundum: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?	0,67			
Ég tek virkan þátt í kennslustundum: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?	0,67			
Ég legg mikið á mig í náminu: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?	0,65			
Ég er illa undirbúin/n fyrir kennslustundir: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?	-0,47			0,38
Stuðningur og ráðgjöf skóla				
Ég þarf ráðgjöf um vinnubrögð: Hvernig metur þú eftirfarandi fullyrðingar?		0,82		
Ég þarf meiri stuðning við námið innan skólans: Hvernig metur þú eftirfarandi fullyrðingar?		0,67		
Ég þarf ráðgjöf um námsval: Hvernig metur þú eftirfarandi fullyrðingar?		0,61		
Ég þarf ráðgjöf vegna persónulegra vandamála: Hvernig metur þú eftirfarandi fullyrðingar?		0,36		
Jákvæðar tilfinningar í garð skóla				
Það er góður andi í skólanum: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?			0,75	
Mér líður vel þegar ég er í skólanum: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?			0,75	
Ég er ánægð/ur með skólann sem ég er í: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?			0,64	
Neikvæð skólahegðun				
Ég kem of seint í kennslustundir: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?				0,70
Ég skrópa í kennslustundum: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?				0,60
Ég fresta verkefnum fram á síðustu stundu: Hve oft eiga eftirfarandi staðhæfingar við um þig?	-0,31			0,44

Hleðslur undir 0,3 eru ekki birtar í töflunni